ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTA-LENÍNISTA

4.tbl. 4.árg 1975

Verð kr. 50

K.Á. smidjurnar a Selfossi
TIL ERU VERKAMENN...

Self. 18/4. Ekki hefur farið fram hjá neinum undanfarna daga, að verkamenn í kaupfélagssmiðjunum á Selfossi hafa átt í harðvítugum skærum við kaupfélagsstjóra KÁ. Svo hafa þær vakið samúð og umræður með öllum verkalýð þessa lands.

Í eftirfarandi grein ætlum við að svara nokkrum spurningum varðandi eðli málsins. Hver eru tildrög og þróun þess?, hvers vegna hljóta verkfallsmenn svo víðtækan stuðning sem raun reynir? og hvert er mikilvægi baráttu þeirra fyrir verkalýðsstéttina?

Hvers vegna verkfall?

Fyrir tæpum níu árum var núverandi kaupfélagsstjóri Kaupfélags Árnesinga ráðinn til þess sérstaklega að forða því frá gjaldþroti, sem þá blasti við. Aðferðir þær sem hann beitti þá til að ná þessu marki, voru mjög dæmigerðar fyrir ófyrirleitna auðherra, sem ekki hugsa um annað en síaukna gróðasöfnun, en láta rétt verkafólksins sig engu skipta.

Rúm átta ár eru liðin, en vinnubrögð kaupfélagsstjórans hafa í engu breyst - þótt allt annað en gjaldþrot blasi við. Enn rekur hann menn og ræður án þess að spyrja nokkurn, hvorki menn né lög. Enn gengur hann á það lag, sem honum var gefið eftir í upphafi starfsferils síns, gengur eins langt á rétt verkamanna og honum er framast fært, svo sem fjöldamargir smá-árekstrar milli hans og verkafólks hjá KÁ bera vott um.

Uppsögn Kolbeins Guðnasonar, bifvélavirkja, er í sjálfu sér ekki merkilegri en önnur slík mál í tíð kaupfélagsstjórans núverandi (svo ekki sé minnst á forvera hans). En hún kom í kjölfar einhliða og ólöglegrar árásar kaupfélagsstjórans á kjör verkamanna á verkstæðum KÁ - árásar, sem Kolbeinn hafði mótmælt og verið rekinn fyrir.

Þannig var mælirinn fullur og vel það 3. apríl s.l. Eftir að kröfu verkstæðismanna um að uppsögn Kolbeins yrði dregin til baka, enda ólögleg hvernig sem á hana er litið, hafði verið synjað, lögðu þeir allir niður vinnu sem einn, um það bil 60 manns.

Fljótlega kom í ljós, að kaupfélagsstjórinn ætlaði ekki að gefa eftir. Menn gerðu sér grein fyrir að framundan gæti orðið löng og ströng barátta. Verkstæðismennirnir komu sér saman um, að heppilegra væri að haga baráttunni þannig, að eingöngu væri lögð niður vinna á vinnustað Kolbeins. Þetta var gert og tóku trésmiðir og yfirbyggingamenn aftur til starfa skömmu síðar. Jafnframt lýstu þeir sig tilbúna til að hefja verkfall jafnskjótt og baráttan harðnaði og aðgerða þeirra væri þörf. Hátt á þriðja tug járniðnaðarmanna, rafvirkja, bifvélavirkja og ófaglærðra verkamanna heyja því nú (þegar þetta er skrifað) baráttuna gegn ólöglegri uppsögn Kolbeins Guðnasonar.

Samstaðan mikilvægust

Þegar í upphafi lögðu verkstæðismennirnir með trúnaðarmenn sína í fararbroddi alla áherslu á samstöðuna. Til eru alltof mörg dæmi þess í sögu íslensku verkalýðshreyfingarinnar, að skæruverkföll af svipuðu tagi hafa mistekist einmitt vegna óeiningar í liði verkfallsmanna.

Þeir lögðu strax í upphafi áherslu á að enginn skoraðist undan, svo verkfallið heppnaðist. Hingað til hafa þeir komið saman daglega alla virka daga vikunnar til að ræða málin, semja yfirlýsingar, fréttatilkynningar o.þ.h. Allar aðgerðir þeirra einkennast af reglunni allir sem einn.

Þessi regla er meðal annars fólgin í því, að verkfallsmenn forðast að gefa yfirlýsingar hver um sig í sínu horni, heldur reyna þeir að sjá svo um, að allar fréttir frá verkfallsmönnum sjálfum, verði látnar sameiginlega í té. Þetta hefur reynst eiga rétt á sér, svo sem vafasamur fréttaburður Vísis og Morgunblaðsins ber með sér.

Mikilvægt er einnig, að engar líkur eru til, að hægt verði að brjóta verkfallið. Verkstjórar og lærlingar verkstæðisins standa með vinnufélögum sínum, þótt þeir geti ekki stöðu sinnar vegna lagt niður vinnu.

FRAMH. Á BAKSÍÐU.

RAUÐUR FRAMVÖRÐUR 1975

1. maí er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsstéttarinnar. Saga verkalýðsins og barátta hans fyrir skipulagningu og þjóðfélagsvöldum er nátengd þessum degi. Allt frá þeim tíma, er breskir verkamenn fylktu liði fyrsta sunnudag maímánaðar og síðar, er II. alþjóðasamband verkalýðsins skipulagði verkfall og aðgerðir þann 1. maí 1890 til að berjast fyrir 8 stunda vinnudegi, og fram til dagsins í dag, er hundruð milljóna verkamanna og vinnandi alþýðu fylkja sér undir fána sósíalísku byltingarinnar, hefur 1. maí verið vettvangur hinnar alþjóðlegu baráttu verkalýðsins gegn arðránsskipulagi kapitalismans og fyrir þjóðfélagslegri valdatöku verkalýðsins.

1. maí er vettvangur fyrir hina voldugu samfylkingu verkalýðsins gegn auðvaldinu - fyrir þá skipulagningu og baráttureynslu, sem saga hinnar alþjóðlegu verkalýðshreyfingar hefur að geyma.

1. maí er einnig vettvangur fyrir þá skipulagningu og sameiningu stéttarinnar, sem hún þarfnast í varnarbaráttu sinni gegn árásum auðvaldsins á kjör hans og lífshagsmuni.

1. maí er ennfremur vettvangur fyrir baráttu verkalýðsstéttarinnar að fylkja allri vinnandi alþýðu að baki sér í baráttunni fyrir sósíalismanum og fyrir bandalagi verkalýðsins og alþýðu kúguðu þjóðanna.

RAUÐUR FRAMVÖRÐUR er skipulagning allra þeirra, sem vilja fylkja sér undir fána kommúnismans á Íslandi í dag. RAUÐUR FRAMVÖRÐUR er skipulagning allra þeirra sem berjast gegn svikum verkalýðsforystunnar, gegn stéttasamvinnu - fyrir sjálfstæðri skipulagningu verkalýðsins í kjarabaráttunni. RAUÐUR FRAMVÖRÐUR er skipulagning allra

FRAMH. Á BLS. 2.

Aðgerðir Rauðs Framvarðar í Reykjavík, verða sem hér segir: safnast verður saman klukkan 13.30 við Hlemm. Klukkan 14.00 - 14.15, verður lagt af stað og gengið niður Laugaveg að Þórshamri, þar sem verður útifundur. Á fundinum verða ræður og skemmtiatriði. Á eftir verður innifundur og kaffiveitingar.
Nánar auglýst í útvarpi og með dreifiritum.

Fyrir hvern starfar 9 manna nefndin

Skömmu fyrir páska var gert samkomulag um láglaunabætur. Undir samkomulagið skrifaði svokölluð 9 manna nefnd ASÍ og samninganefnd VSÍ. Þetta samkomulag hefur verið mjög gagnrýnt, bæði af mörgum verkalýðsfélögum og eins af vinstrisinnuðum samtökum. Þessari grein er ætlað að varpa nokkru ljósi á hvað það er sem raunverulega stendur á bak við þessa sviksamlegu samninga.

Það sem ASÍ-forystan hefur sagt vera markmið með kjarabaráttunni nú er að endurheimta þær kjarabætur sem febrúarsamningarnir 1974 hljóðuðu upp á. En það er langt frá því að láglaunabæturnar geri það. Á meðan verðlag hefur hækkað um 70% frá því í ágúst hafa laun sáralítið hækkað. Það er því ekki hægt að segja annað en að samkomulag ASÍ og VSÍ um láglaunabætur, sem á engan hátt ná feb. samningunum, séu bein svik við verkalýðshreyfinguna. En hvernig má það vera að jafn augljós svik geta komist í gegn jafn snuðrulítið og þetta samkomulag, hvernig er þetta skipulagt af VSÍ og ASÍ?


Jón H. Bergs formaður VSÍ býður velkominn Snorra Jónsson forseta ASÍ. Í baksýn er Barði Friðriksson hrl. skrifstofustjóri VSÍ.

Snorri Jónsson, ASÍ, og Jón H. Bergs, VSÍ, skála fyrir stéttasamvinnunni.

Ástæðan fyrir því að þessi staða kemur upp er í fyrsta lagi sú að verkalýðsforystan hefur gengið í lið með borgurunum, henni er mútað á ótal vegu bæði beint og óbeint, þeir hafa margföld verkamannalaun í gegnum launaðar stöður í nefndum og ráðum ríkisvaldsins. Í öðru lagi hefur þeim tekist að koma sér upp sérstöku kerfi til að stunda samvinnu sína við auðvaldið og er 9 manna nefndin gott dæmi um það.

Þannig var búið bak við tjöldin að ákveða láglaunabæturnar. Vandamálið var aðeins að koma þeim í gegn og fá þær samþykktar í félögunum. Til þess kom ASÍ forystan á 9 manna samninganefndinni, sem var skipuð hálaunuðum tryggum fylgjendum stéttasamvinnunnar. Þetta var fyrsta skrefið. Nú var mikilvægt að engin snuðra hlypi á þráðinn. Það kom sér því mjög illa fyrir ASÍ-forystuna þegar BSRB hélt stórfund í Háskólabíói, þar sem meðal annars var rætt um nauðsyn verkfallsréttar til að fylgja fram kröfum BSRB um kjarabætur. Þetta kom sér mjög illa fyrir ASÍ-forystuna, sem áður hafði verið búin að heita atvinnurekendum því að 9 manna nefndinni tækist að kæfa allar raddir um raunverulegar kjarabætur. Enda brást forystan nú hart við og lýsti fund BSRB sem tilræði við verkalýðshreyfinguna, nú þegar samningar stæðu yfir.

Til þess að gera þetta enn áhrifameira fór nú öll borgarapressan af stað, allt frá Þjóðviljanum til Moggans og þetta tiltæki BSRB harðlega fordæmt. Fyrir ASÍ-forystuna var þetta hættulegt fordæmi og í beinni andstöðu við starfsaðferðir og áætlanir þeirra. Þetta gat verið hættulegt fyrir baktjaldamakk þeirra.
Það varð því að knýja enn frekar á um til að koma svikasamningunum í gegn, sem voru að mestu leyti þá þegar tilbúnir.

Björn Jónsson, forseti ASÍ, lýsti því yfir, að það væri engin leið að ætlast til þess, að hægt væri að fá allar kjarabæturnar í einu. Og þetta var græna ljósið, sem ríkisstjórnin beið eftir og bauð hún nú fram láglaunabætur af alkunnri rausn. En auðvitað gat ASÍ ekki þegið þetta boð og ekki heldur tilboð VSÍ.

Nú mátti öllum vera ljóst, hvert stefndi, hvað raunverulega var búið að undirbúa af hálfu ASÍ og VSÍ. En nú var undirbúningurinn líka fullkominn. Það leit þannig út sem 9 manna nefndin ætti í harðri baráttu bæði við VSÍ og ríkisstjórnina og tíminn kominn að birta samkomulagið.

Í rauninni var samkomulagið alveg það sama og tilboð VSÍ og ríkisstjórnarinnar, aðeins nokkrum krónum hærra og nú var fullyrt að ekki hefði verið möguleiki á að fá hærri bætur. Nú fór blaðapressan aftur af stað og ASÍ-topparnir lýstu hátíðlega yfir, að þetta væru bestu samningar sem hægt hefði verið að ná og skoruðu á félögin að samþykkja þá. Þessi margreynda aðferð ASÍ-forystunnar hefði tekist fullkomlega ef samkomulagið hefði ekki verið fellt í Vestmannaeyjum og á Vopnafirði.

FRAMH. Á BLS. 2.

FRELSUN KAMBÓDÍU!

Eftir fimm ára og eins mánaðar mannskæða styrjöld, hefur frelsisher kambódísku alþýðunnar tekist að sigra leppa bandarísku heimsvaldastefnunnar. Forsendan fyrir sigri Þjóðfrelsisfylkingar Kambódíu yfir margfalt betur vopnuðum leppher Bandaríkjanna, er að alþýða Kambódíu hefur fylkt sér bak við Þjóðfrelsisherinn. Kúgaðir smábændur og verkamenn mynda þann kjarna þjóðlegu aflanna, sem eru að velta gjörspilltri valdaklíku Lon Lons úr sessi. Framtíð alþýðu Kambódíu er björt, þrátt fyrir ægilegar afleiðingar styrjaldarinnar, vegna þess að undir kúgunarhæli Bandaríkjanna og leppstjórnarinnar hefði alþýðan aðeins átt framtíð þrælsins, hins undirokaða og sveltandi lýðs.
Kommúnistasamtökin senda Þjóðfrelsisfylkingunni kveðjur í tilefni af þessum mikla sigri.

Söfnun Víetnamnefndarinnar

Fullur stuðningur við Þjóðfrelsishreyfinguna í Suður-Víetnam

SÖFNUM EINNI MILLJÓN FRAM TIL 1. MAÍ

póstgíró 14500

Víetnamnefndin á Íslandi

Munið Víetnamsöfnunina



Leiðarinn er á ábyrgð miðstjórnar.

STÉTTABARÁTTAN 4. tbl. 4. árg.
25. apríl 1975.
Útg. Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Reykjavík
Sími: 27 810
Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal

Sovétríkin eru heimsvaldaríki

Ein þeirra spurninga, sem hafa verið deiluefni innan vinstri-hreyfingarinnar á Íslandi, er afstaðan til Sovétríkjanna og þróunar þeirra eftir síðari heimsstyrjöld. Heiðarlegir stuðningsmenn verkalýðshreyfingarinnar hafa átt erfitt með að kyngja þeirri breytingu sem orðið hefur á afstöðu Sovétríkjanna bæði í innanríkis- og utanríkismálefnum. Sovétríkin sem í eina tíð voru bakland heimsbyltingarinnar og forysta frelsis- og byltingarafla hvarvetna í heiminum nutu óskipts stuðnings verkalýðssinna og hetjuleg barátta þeirra gegn blóðherjum þýska nasismans naut samúðar og aðdáunar allrar alþýðu. En hvernig gat þetta fyrrum forystuland verkalýðsstéttarinnar lagt herfjötra á Tékkóslóvakíu? Hvernig stendur á því, að Sovétríkin standa í dag á bak við frelsisskerðingu smáríkja eins og A-Pakistan og Sikkim? Hvernig gátu Sovétríkin veitt fasískri stjórn Lon Nol-klíkunnar í Kambódíu stuðning sinn gegn þjóðfrelsisöflunum? Hvernig gátu Sovétríkin sent skriðdreka sína gegn pólskum verkalýð í ágúst 1971, þegar hann snerist til baráttu gegn hækkuðu verðlagi og lækkuðum launum?

Spurningarnar eru fleiri og hljóta að leita á sérhvern þann, sem veltir heimsmálum fyrir sér af einhverri alvöru. Röksemdir eins og að þetta séu bara "rússagrýlur" Morgunblaðsins breyta ekki þeim staðreyndum, sem fram eru taldar hér að ofan. Þeir sem verja glæpaverk sovésku sósíalheimsvaldasinnanna í nafni sósíalismans, eru einungis að vinna málstað verkalýðsstéttarinnar mein og auðvelda afturhaldsöflunum að ráðast gegn verkalýðsbyltingunni, Lygar afturhaldsins um þróun Sovétríkjanna á tímum kreppunnar miklu voru vissulega "rússagrýla". Þannig var því einnig farið um ásakanir Mogga-afturhaldsins í garð Sovétríkjanna á tímum finnska vetrarstríðsins. Lygarnar um árásarfyrirætlanir Sovétríkjanna gagnvart Evrópu, strax að lokinni síðari heimsstyrjöldinni voru líka "rússagrýla". Ekki vegna þess að rétt væri að verja Sovétríkin blint og án gagnrýni, heldur vegna þess, að þessar lygar voru liður í hugmyndafræðilegum undirbúningi að árás bandarísku hernaðarbandalaganna gegn herbúðum sósíalismans. Aðgerðir Sovétríkjanna í dag eru óverjandi og hver sá, sem raunverulega berst fyrir frelsi og byltingu, hlýtur að taka einarða afstöðu gegn kúgunaraðgerðum og arðránsfjötrum Sovétríkjanna á A-Evrópu, löndum þriðja heimsins og styrjaldarógnum þeirra í garð Kína og Albaníu.

Sovétríkin eru ekki sósíalísk ríki, heldur heimsvaldaríki

Við valdarán Krúsjeffs-klíkunnar 1956 var sósíalísku uppbyggingunni hafnað og utanríkispólitíkinni breytt. Hin sósíalíska uppbygging var nú kölluð vitfirring og mistök og utanríkisstefna Sovétríkjanna á dögum Stalíns var kölluð harðstjórn og órar hugsjúks einstaklings. Breytingin, sem hlaut lof alls auðvaldsheimsins, fólst í endurreisn kapitalismans í Sovétríkjunum og árásargjarnri heimsvaldastefnu í utanríkismálum. Þeir sem halda því fram að þessi breyting hafi ekki átt sér stað, ættu að hugleiða orð Leníns, dæmið mennina eftir gerðum þeirra en ekki eftir orðum þeirra. Þeir ættu líka að hugleiða að slík breyting í hinni alþjóðlegu verkalýðshreyfingu er ekkert einsdæmi. Leiðtogar II. alþjóðasambandsins snerust einnig frá marxismanum og gerðust handbendi heimsauðvaldsins. Saga krataflokkanna í Evrópu er talandi dæmi um breytingu verkalýðsflokka í borgaralega flokka, sem stjórnað er af mútþegum og þjónum auðvaldsins í heimalandi þeirra.

Breytingin sem hefur átt sér stað í Sovétríkjunum er sama eðlis, hér er aðeins stigsmunur á. Nútíma endurskoðunarstefnan í Kreml er ekki einungis flokkur sem snýr frá marxismanum-lenínismanum, heldur heilt ríki sem yfirgefur sósíalsimann og alræði öreigastéttarinnar og endurreisir völd auðvaldsins og alræði heimsvaldasinnaðrar borgarastéttar. Þess vegna eru varnir fyrir glæpaverk sósíalheimsvaldastefnunnar andstæðar málstað verkalýðsins og þjóna heimsauðvaldinu. Og að verja sósíalheimsvaldastefnuna í nafni sósíalismans, er það sama og að boða að sósíalisminn tákni kúgun og arðrán og heimsvaldastefnu. Þó endurskoðunarklíka Brésneffs kalli sig kommúníska og Sovétríkin alræði öreiganna, táknar það ekki að þessu sé þannig varið í raunveruleikanum. Þýsku nasistarnir kölluðu sig líka sósíalista (þjóðernissósíalista) sem breytti engu um eðli þeirra. Afturhaldið hendir þetta á lofti og fær þannig tækifæri til að ófrægja málstað verkalýðsins og kommúnismann, Mogginn bendir á kúgun Sovétríkjanna á A-Evrópu, innrás þeirra í Tékkóslóvakíu og aðgerðir þeirra í Póllandi og lýsir því síðan yfir, að þannig sé sósíalisminn - frelsi í orði en kúgun í verki. Þeir sem virða og styðja málstað verkalýðsstéttarinnar og sósíalismans verða að fordæma hina nýju Zari í Kreml og heimsvaldastefnu þeirra og afhjúpa raunverulegt auðvaldseðli þeirra. Sovétríkin eru ekki sósíalískt ríki í dag, heldur heimsvaldaríki.

Alþýðubandalagið og ýmis konar hálfvolgir vinstrimenn henda gaman að skrifum Morgunblaðsins um flotaumsvif Sovétríkjanna á N-Alanshafi, njósnastarfsemi þeirra hér við land og viðleitni þeirra til að gera Norðurlönd að áhrifasvæði sínu. En með þessu eru þeir að styðja árásarstefnu sósíalheimsvaldasinna og fela hernaðarumsvif Sovétríkjanna. Styrjaldarundirbúningur risaveldanna er ógnun við heimsfriðinn og barátta þessara tveggja ræningja um heimsyfirráð setja hagsmuni alls mannkynsins í hættu. Að styðja heimsvaldastefnu annars risaveldisins er það sama og stuðningur við að verkalýður og alþýða heimsins verði enn einu sinni send fram á blóðvelli gróðans í nýrri og ennþá óhugnanlegri heimsstyrjöld.

Allir heiðarlegir friðarsinnar hljóta að fyrirlíta þá menn sem í nafni sósíalismans arðræna og kúga milljónir heima fyrir og erlendis og stefna að því að steypa heiminum út í hrunadans nýrrar og hryllilegrar heimsstyrjaldar.

21/4.

Hafið samband við KSML

Akureyri: Stuðningsdeild KSML Ragnar Baldursson, Stórholti 1. P. Box 650

Eskifjörður: Umboðsmaður er Emil Bóason, Hátúni, sími 6138.

Hafnarfjörður: Fulltrúi KSML er Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.

Hellissandur: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Sigfús Almarsson, Skólabraut 10.

Húsavík: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Þórarinn Ólafsson, Uppsalavegi 21.

Ísafjörður: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Agnar Hauksson, Tangagötu 20, sími 3651.

Ólafsvík: Stuðningsdeild KSML, Matthías Sæmundsson, Hjarðartúni 10.

Neskaupstaður: Stuðningsdeild KSML, Magnús Sæmundsson, Urðarteig 21.

Reykjavík: KSML, Skólastræti 3b eða pósthólf 1357, sími 27 810.

Sauðárkrókur: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Einar Helgason, Víðigrund 6 (þriðja hæð)

Siglufjörður: Söluturninn, Aðalgötu, er með umboðssölu fyrir Stéttabaráttuna og Rauða fánann.

Stykkishólmur: Umboðsmaður fyrir útgáfuefni KSML er Ólafur Þ. Jónsson, Ás.

Suðurnes: Stuðningsdeild KSML, Einar Jónsson, Sólvallagötu 40c, Keflavík.

Þorlákshöfn: Fulltrúi KSML er Halldór Grönvold, Oddabraut 7.

FRAMH. AF FORSÍÐU.

Fyrir hvern

Vestmannaeyjum, Jóni Kjartanssyni, lýst sem sundrungsmanni. Hann væri óábyrgur og það væri stórhættulegt að taka nokkurt mark á honum eða yfirlýsingunni, sem verkalýðsfélagsfundurinn í Vestmannaeyjum gaf frá sér. Þessar árásir komu ekki aðeins frá Ebba og Guðmundi J. Nei, þær komu fram á öllum fundum félaganna í Reykjavík. Þær voru því greinilega undirbúnar enda hafði Björn Jónsson líka undirbúið það með yfirlýsingum í blöðunum, en þar var þó vægara til orða tekið, heldur en á fundum félaganna. Hann lét sér nægja að láta að því liggja að Jón Kjartansson hefði ekki vitað hverju þeir voru að hafna. Þó að mútuþægri ASÍ-forystunni hafi tekist að koma þessum svikasamningum í gegn núna, þá verður ekki annað sagt, en að sá sigur þeirra yfir verkalýðnum hafi verið keyptur nokkuð dýru verði.

Mörg félaganna hafa sent vítur á 9 manna nefndina fyrir slælega frammistöðu í samningaviðræðunum og það hafa verið uppi háværar raddir í einstaka félögum um að endurskoða umboð hennar til að fara með samningaumleitanir. Og ekki nóg með það, nú hefur verkalýðsfélag Vopnafjarðar sannað að það var blekking að ekki væri hægt að fá hærri kauphækkun með því að semja um hærri láglaunabætur. Með þessum samningi er því grundvöllur samninga ASÍ-forystunnar brostinn, en hann byggðist á því að ekki væri hægt að fá hærri láglaunabætur. Eða hvernig stendur á því að eitt lítið verkalýðsfélag getur samið um hærri bætur en öll "sameinuð verkalýðshreyfingin"?

Niðurstöður þessara samninga birtast því aðallega í tveimur meginafstöðum til þeirra. Það er afstaða fjölmargra verkalýðsfélaga gegn samningunum, þótt þau hafi flest samþykkt þá - það sýna yfirlýsingarnar frá fundum félaganna, að engin ánægja er með þetta samkomulag og því síður ASÍ-forystuna. En hins vegar er það afstaða VSÍ, þar er nokkur ánægja með samkomulagið, sem Jón Bergs segir, að muni gilda í langan tíma. Milli þessara tveggja aðila hvarflar ASÍ-forystan og reynir að slá ryki í augun á verkalýðnum um að þetta sé aðeins bráðabirgðasamkomulag, þrátt fyrir að þeir viti best sjálfir að samkomulagið muni gilda, sem sú launahækkun sem fæst, þar til í haust að minnsta kosti.

Baráttan gegn þessum kjaraskerðingum sem felast í láglaunabótunum, verður því augljóslega að beinast gegn fimmtu herdeildinni innan verkalýðsfélaganna, gegn uppkeyptu foringjunum, um leið og barist er gegn auðvaldinu. Því ASÍ-forystan er bandamaður auðvaldsins gegn verkalýðnum. -/GA

EFTIRLÝSTIR: STYRKTARMENN

Eins og öllum lesendum Stéttabaráttunnar er kunnugt, stendur yfir sókn til að efla útgáfu blaðsins. Fyrsta markmið sóknarinnar er að gera blaðinu kleyft að ráða sér starfsmann - en það er fleira sem til þarf. Eins og allir sjá er blaðið vélritað - og sú ritvél þarfnast bráðum endurnýjunar. Ennfremur stefnum við að því að kaupa prentvél og ráða starfsmenn (þótt það sé ekki alveg á næsta leyti). Til þess að gera þessa uppbyggingu mögulega verða stuðningsmenn blaðsins að hlaupa undir bagga og því leitum við hér með eftir STYRKTARMÖNNUM STÉTTABARÁTTUNNAR.
Að vera styrktarmaður blaðsins felur það í sér, að láta mánaðarlega greiðslu renna í ÚTGÁFUSJÓÐ STÉTTABARÁTTUNNAR 500-1000kr. Þið sem sinnið kallinu gangið niður á pósthús eða næsta banka og greiðið þá upphæð, sem þið getið látið af hendi rakna inn á póstgíróreikning STÉTTABARÁTTUNNAR - 27810. Munið að skrá nafn og heimilisfang á eyðublaðið.

Ath. að Reykjavíkurdeild KSML hefur fengið nýtt símanúmer.

NÝTT SÍMANÚMER: 27810

FRAMH. AF FORSÍÐU.

RAUÐUR

þeirra, sem berjast við hlið kúguðu þjóðanna og hinnar alþjóðlegu verkalýðsstéttar.

Til baráttu gegn afleiðingum kreppunnar og afnámi lýðréttinda

Auðvaldsheimurinn siglir hraðbyri inn í djúptæka efnahagskreppu. Árásir á kjör og starfsaðstöðu verkalýðs og vinnandi alþýðu aukast hröðum skrefum. Verkalýðsforystan hefur verið keypt upp af auðvaldinu og þjónar hagsmunum þess gegn verkalýðnum. Í sameiningu stefna þessir aðilar að gerðardómslögum og nýrri vinnulöggjöf, sem afnemur verkfallsréttinn. Verðhækkanir og vinnuþrælkun aukast og framundan blasa við lokanir fyrirtækja, samfara atvinnuleysi og skorti. Gegn þessu verður verkalýðsstéttin að sameinast. Hún verður að hafna svikulli forystu og skipuleggja sig sjálfstætt til varnarbaráttu gegn kjaraskerðingarárásum auðvaldsins. Slík sjálfstæð skipulagning verður að vinna að því að vinna verkalýðsfélögin fyrir málstað verkalýðsbyltingarinnar.

Því setum við fram vígorðin:

Til baráttu gegn gerðardómum og vinnulöggjöf auðvaldsins!
Gegn atvinnuleysi og verðbólgu - látum auðvaldið borga!
Niður með ASÍ-broddana - lifi sjálfstæð skipulagning verkalýðsins!
Gegn arðráni og vinnuþrælkun - lifi sósíalisminn!
Gegn fámennisvaldi og stéttasamvinnu í verkalýðshreyfingunni!
Gegn skertum samnings- og verkfallsrétti verkalýðsins!
Gegn ríkisafskiptum af kjarabaráttunni!
Gegn afnámi vísitölutryggingar launa - fullar vísitölubætur strax!
Launajafnrétti kynja!
Fullkomnar öryggisráðstafanir við alla vinnu bæði á sjó og landi!
Gömlu fólki sé tryggður fullnægjandi ellistyrkur!
Fullkomnar tryggingar gegn atvinnuleysi!

Til baráttu fyrir kommúnískum verkalýðsflokki og þjóðfélagsvöldum verkalýðsins

Íslenska þjóðfélagið er auðvaldsþjóðfélag. Borgarastéttin á öll mikilvægustu framleiðslutækin og drottnar yfir ríkisvaldinu, einkum sá hluti hennar er hefur einokunaraðstöðu. Arðrán, kúgun, atvinnuleysi, vinnuþrælkun og skortur - öll þessi fyrirbæri eiga rætur sínar að rekja til kapitalismans. Til að sigrast á kapitalismanum verður verkalýðurinn að leggja stéttarlegt kúgunartæki borgarastéttarinnar - ríkisvaldið - í rústir. Þetta getur hann því aðeins framkvæmt, að hann hafi skipulagt sig í kommúnískan byltingarflokk, sem grundvallar starf sitt og stefnu á fræðikenningu marxisman-lenínismans. Því setjum við fram vígorðin:

Stétt gegn stétt!
Lifi marxisminn-lenínisminn hugsun Maós Tse-tungs!
Án byltingarsinnaðrar fræðikenningar - engin byltingarsinnuð hreyfing!
Lærum af stéttabaráttunni og gerum þekkingu okkar að vopni til flokksmyndunar!

Til baráttu gegn stríðsfyrirætlunum risaveldanna

Risaveldin tvö, USA og USSR, undirbúa heimsstyrjöld samtímis því sem þau gaspra um afvopnun og frið. Hvarvetna í heiminum berst alþýðan gegn þessum höfuðóvinum mannkynsins fyrir sjálfstæði, þjóðfrelsi og byltingu.

Íslensk alþýða verður að styðja hina alþjóðlegu byltingarbaráttu og berjast við hlið öreiga og alþýðu alls heimsins gegn stríðsfyrirætlunum risaveldanna. Mikilvægur þáttur í þeirri baráttu er baráttan fyrir úrsögn Íslands úr NATO. Því setjum við fram þessi vígorð:

Gegn stríðsfyrirætlunum risaveldanna - Ísland úr NATO!
Öreigar og alþýða heimsins - sameinist í baráttu gegn heimsvaldastefnu og sósíalheimsvaldastefnu!
Slítið sambandinu við Saigon - viðurkennið BBS!
Niður með kapitalismann - lifi sósíalisminn!
Samstaða með alþýðu Chile!
Styðjum baráttu palestínuaraba!
Enga samninga við Union Carbide!
Lifi hin sigursæla barátta alþýðu Víetnam og Kambódíu!

Aðalfundur KÍM

Þann 8. apríl s.l. var haldinn aðalfundur KÍM, Kínversk-íslensku menningartengslanna, í Tjarnarbúð. Í stjórn félagsins voru kosnir Kristján Guðlaugsson, formaður, Jakob Benediktsson varaform., meðstjórnendur voru kjörnir Anna Kristjánsdóttir, Arnþór Helgason og Ólafur Elímundarson. Auk venjulegra fundarstarfa var sýnd fréttakvikmynd frá Kínverska Alþýðulýðveldinu og fjallaði hún um uppbyggingu áveitukerfis á þurrkasvæðum í Kína. Loks greindi Gylfi Páll Hersir frá ferð sinni um Kína s.l. sumar og sýndi fjölmargar litskuggamyndir, sem hann hefur tekið meðan á dvöl hans þar eystra stóð. Var frásögn hans hin skemmtilegasta og fróðlegasta. KÍM hafa starfað alllengi, þó að hlé hafi orðið á starfi þess um nokkurra ára skeið. Í ráði er að efla starfsemi félagsins og auka útbreiðslu- og kynningarstarf á vegum þess í framtíðinni. Bæði verður hafið útgáfustarf og eins unnið að því að fá til landsins kínverskt listafólk eða sýningar frá Kína. Í ljósi þeirra sigra sem Kínverska Alþýðulýðveldið hefur unnið á vettvangi alþjóðastjórnmála á undanförnum árum og þeirri tryggingu fyrir heimsfriði, sem utanríkispólitík kínverja er, er mikilvægt að efla menningarleg og félagsleg tengsl milli íslenskrar alþýðu og kínverskrar. Starf KÍM miðar að því að auka þessi tengsl og styðja friðarviðleitni kínverja á alþjóðavettvangi.

Frá ritstjórn Rauða Fánans

Eins og auglýst var í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar, er 3-4 tölublað Rauða Fánans 1974 komið út fyrir nokkru. Gífurlegur dráttur hefur orðið á útkomu blaðsins, sem einkum stafar af þrennu:

1. Ritstjórn RF og Stéttabaráttunnar var ekki aðskilin, sem leiddi til þess að ritstjóri RF var alltaf upptekinn við vinnu fyrir Stéttabaráttuna og gat ekki sinnt RF sem skyldi.

2. Mikil vanskil voru á efni í blaðið, og greinum var ekki skila inn á réttum tíma. Sellur samtakanna, sem áttu að skrifa í blaðið, voru greinilega undirbúnar að vinna út í formi greina niðurstöður umræðna og náms sem fram fór í samtökunum.

3. Við Rauða Fánann voru notaðar "úreltar" vinnsluaðferðir, sem voru bæði dýrar, tímafrekar og þungar í vöfum á annan hátt.

Ritstjórn og Miðstjórn KSML hafa rætt útkomu Rauða Fánans og komist að þeirri niðurstöðu að varðandi alla vinnslu RF verði að breyta aðferðum til að tryggja reglulega útkomu blaðsins, og tryggja að það verði raunverulega fært um að gegna sínu hlutverki, sem vettvangur fyrir fræðilegar umræður um þau mál sem snerta byltingarhreyfinguna á hverjum tíma. Eftirfarand ráðstafanir hafa því verið gerðar:

1. Stofnuð hefur verið sérstök ritnefnd fyrir Rauða Fánann, sem starfar óháð ritstjórn Stéttabaráttunnar, og fjárhagur blaðanna hefur verið aðskilinn.

2. Vinnsluaðferðum verður breytt, þannig að stefnt verður að því að blaðið sé prentað en ekki fjölritað, það verður gefið út í öðru broti en áður (í bæklingsbroti) og þannig aukin gæði vinnunnar og spöruð mikil vinna sem áður fólst í fjölritun.

3. Stefnt verður að því að vinnsla hvers tölublaðs hefjist mun fyrr en áður, þ.e. þegar eitt er að koma út, er annað tölublað þegar í vinnslu. Nú þegar er farið að vinna að útkomu næsta eintaks RF sem koma mun út um miðjan maí, og fjalla að meginstofni til um hagfræðilega stöðu íslenska auðvaldsins, og lögð hafa verið drög að þarnæsta tölublaði, sem fjalla á um stöðu vinstri hreyfingar á Íslandi.

Ritstjórn Rauða Fánans biður áskrifendur og aðra lesendur blaðsins afsökunar á þeim töfum sem orðið hafa, um leið og hún fagnar þeim aðgerðum sem gerðar hafa verið til að tryggja blaðinu reglulega útkomu og betra blað. Ennfremur skorar ritstjórnin á alla velunnara blaðsins að leggja sitt af mörkum til að tryggja áframhaldandi útbreiðslu þess og til að tryggja blaðinu þann sess sem því ber.

-/ÓI, ritstj. RF

Straumsvíkursellan hefur blaðaútgáfu

Um nokkurt skeið hefur á vegum Kommúnistasamtakanna verið starfrækt sella í álverksmiðjunni í Straumsvík, svo sem lesendum blaðsins ætti að vera kunnugt af greinum, er birst hafa þaðan. Sellan hefur smám saman verið að styrkjast skipulagslega og pólitískt innan verksmiðjunnar. Til marks um það er útkoma nýs blaðs, er Straumsvíkursellan stendur að og dreift hefur verið meðal verkafólksins í álverksmiðjunni, en blað þetta hefur hlotið nafnið Staumsvíkurverkamaðurinn. Fyrsta tölublað þess kom út í mars, en í leiðara þess segir svo um tilgang blaðsins, að það "...verði ekki blað í eiginlegum skilningi, heldur gegni fremur því hlutverki að vera dreifirit, er fjalli um þau mál, er snerta jafnt hagsmuni verkafólks í Straumsvík sérstaklega sem og verkalýðsins á Íslandi í heild."

Í blaðinu er að finna, auk leiðara, tvær greinar og fjallar önnur þeirra um hvernig ófaglærðir verkamenn í Straumsvík hafa leitast við að mynda sér sjálfstætt skipulag í hagsmunabaráttu sinni með því að kjósa einskonar samfylkingarnefnd. (Sjá grein um þess nefnd annars staðar í blaðinu). Hin greinin, og jafnframt sú, er mesta athygli og umtal hefur hlotið, skýrir frá nýrri öryggiskeppni, sem fyrirtækið hefur komið á fót. Keppnisreglur þessarar öryggiskeppni kveða svo á um, að einstaka vinnuhópar keppi innbyrðis um það, hverjir hljóti flesta vinningsmiða. Þessir vinningsmiðar gefa mönnum svo aftur tækifæri til að eignast t.d. sjampóbrúsa, ýmis búsáhöld og í besta falli plötuspilara. Með þessu fyrirkomulagi leitast fyrirtækið við að fá sem fæsta slysadaga á pappírnum, jafnframt því sem tilgangurinn er augljóslega sá að skapa sundrungu meðal verkafólks í Staumsvík.

Straumsvíkur verkamaðurinn

Útgefandi: Straumsvíkursella Kommúnistasamtakanna marxista-leninista. 1.tölublað. 1. árgangur.

NOKKUR ORÐ UM ÖRYGGISKEPPNINA...

Fyrir nokkru fengu verkamenn í Straumsvík ásamt útborgunarseðlinum miða, sem tilheyra öryggissamkeppni, er komið hefur verið á fót innan verksmiðjunnar, en fyrr á árinu höfðu menn fengið heimsendan myndabækling, þar sem þessi öryggiskeppni er kynnt. Í þessum bæklingi er sagt, að keppnin sé til þess að efla öryggið við áliðjuverið í Straumsvík. En hver er raunveruleg ástæða fyrir því, að slíkri keppni er komið á?

Markmið keppninnar.

Þegar menn hafa kynnt sér keppnisreglur, kemur fljótlega í ljós, hver tilgangur fyrirtækisins er. Afhending vinningsseðla er augljóst og mjög afhjúpandi dæmi um, hvert fyrirtækið stefnir með tilkomu þessarar keppni, en það er að fækka fjarverudögum hjá verkamönnum [illegible] til vinnu eins fljótt og kostur er. Með því að skapa þrýsting á þá, sem fyrir óhappi verða, ætlast þeir til að menn meti til vinnu, þó svo að þeir séu ekki heilir heilsu.

Í kafla 4.3. stendur: "Ef ekkert slys verður hjá hópi í mánuð er hverjum keppanda afhentir [illegible] miðar. Í þessu tilviki er miðað við öll slys sem valda fjarveru." Ef ég verð fyrir smáóhappi á vinnustað, þá vil ég ógjarnan verða þess valdandi, að vinnufélagar mínir missi réttinn til vinningsmiða; þess vegna harka ég af mér og vinn út vaktina. Með þessu sparar fyrirtækið sér leigubílakostnað og jafnvel það að þurfa að kalla mann út á aukavakt.

Í kafla 4.1. er þetta að finna: "Ef allir hópar sem taka þátt í keppninni hafa samanlagt færri en 4 slys ársfjórðungslega, fær hver keppandi 6 miða. Miðað er við slys sem valda 3 daga eða lengri fjarveru." Með þessu er verkamönnum í einni deildinni eða keppnishóp otað gegn öðrum hópum með það að markmiði að skapa glundroða og sundurlyndi meðal verkamanna. Ef ég verð fyrir slysi, sem leiðir til að ég verð fjarverandi í 3 daga eða lengur, er ég ekki bara búinn að fyrirgera rétti minna vinnufélaga til vinningsmiða þann mánuðinn (sbr. kafla 4.3.), heldur svipti ég alla vinnuhópa og vaktir möguleikanum á 6 vinningsmiðum þann ársfjórðunginn. Af þessu má ljóst verða, að mikill þrýstingur er á mér að mæta til vinnu innan vissra tímamarka, þó svo að ég sé ekki búinn að ná mér að fullu.

Í kafla 4.2. eru einu möguleikar okkar á vinningsmiðum fólgnir, en það er er við erum áminntir um einhver öryggisatriði 4 sinnum í mánuði, en fyrir það fáum við 1 miða, eða 12 miða yfir árið.

Framhald á bls. 3.

Straumsvíkurverkamanninum hefur verið dreift meðal þorra verkalýðsins í Straumsvík og hefur blaðið hvarvetna verið lofsamlega tekið. Mesta athygli hefur vakið greinin um öryggiskeppnina og má segja, að menn séu á einu máli um ágæti hennar. Útkoma þessa blaðs er tvímælalaust mikil lyftistöng fyrir starf okkar í Straumsvík og jafnframt orðið til þess, að æ fleiri hafa fengið áhuga á að kynna sér pólitík KSML.

-/ Straumsvíkursella KSML.

Ræða miðstjórnar KSML á fundinum gegn Union Carbide

(ÚRDRÁTTUR)

"Félagar!

Ég ætla að skýra í fáeinum orðum út afstöðu Kommúnistasamtakanna til samstarfsnefndarinnar gegn Union Carbide og þess grundvallar sem hún byggir starf sitt á.

Baráttan gegn Union Carbide er raunverulega tvíþætt. Í fyrsta lagi berjumst við gegn glæpastarfsemi þessa auðhrings, eins og hún hefur birst í þátttöku hans í valdaráninu í Chile árásarstyrjöld bandarísku heimsvaldastefnunnar í Indókína og fleiru.

Í öðru lagi berjumst við gegn þeim áhrifum, sem málmblendiverksmiðjan kann að hafa fyrir íslenskan verkalýð og bændur.

Á þessum tveimur meginatriðum byggir að okkar mati samfylkingin gegn U.C. og þátttaka KSML í henni. Þess vegna ætti grundvöllur samfylkingarinnar að innihalda þessi atriði og gera þeim fyllilega skil, ekki aðeins að draga fram fyrir skjöldu einstakar hliðar málsins, heldur að skilgreina það frá öllum hliðum.

Í þeim grundvelli Samstarfsnefndarinnar gegn U.C., sem birtur var í Þjóðviljanum í gær, er lögð áhersla á vissar hliðar málsins, en gert lítið úr öðrum. Í honum er einnig lagður dómur á viss atriði, eins og t.d. að það sé slæmt að erlendur stóriðnaður rísi á Íslandi, bæði vegna þess, að hann taki "vinnuafl sitt frá þeim atvinnugreinum sem fyrir eru í landinu, einkum sjávarútvegi og landbúnaði" og að erlendur stóriðnaður geri "íslenskt atvinnulíf að hlekk í framleiðslukeðju" erlendra auðfélaga. Hvorttveggja er að okkar mati rangt. Til að skýra þetta nánar, skulum við athuga málin örlítið nánar.

Tökum einhliða áherslu grundvallarins fyrst til athugunar. Union Carbide er alþjóðlegur auðhringur, sem hefur haft bein afskipti af þjóðarmorðstilraunum í Víetnam, framleitt eiturvopn og önnur vopn í þeim tilgangi og stutt stríðsrekstur bandarísku heimsvaldastefnunnar í Indókína bæði beint og óbeint. Union Carbide hefur einnig átt beinan þátt í valdaráni fasistaklíkunnar í Chile. Afskipti Union Carbide af kúgun og arðráni bandarísku heimsvaldastefnunnar annars staðar í heiminum eru einnig umtalsverð. Ástæðurnar fyrir því hversu Union Carbide er blandað inn í stríðsaðgerðir og heimsvaldaáætlanir bandaríska auðvaldsins eru auðsæjar. Union Carbide er geysivoldugur auðhringur, einn af hornsteinum bandaríska einokunarauðvaldsins og þannig einn af ráðandi aðilum um stjórn og stefnu bandaríska ríkisins. Union Carbide gerir meira en að styðja stríðsrekstur bandarísku heimsvaldastefnunnar, Union Carbide er hluti af þessari heimsvaldastefnu og hernaðaraðgerðir hennar eru í samræmi við hagsmuni stóru bandarísku auðhringjanna, meðal þeirra Union Carbide. Fyrir framleiðslu sína þarfnast U.C. hráefna og markaða í löndum þriðja heimsins, en hervald USA slær skjaldborg um þessa hagsmuni fyrirtækisins. Að auki framleiðir U.C. vopn sem notuð eru til að viðhalda efnahagslegum og pólitískum tökum USA-heimsvaldastefnunnar í löndum og meðal þjóða þriðja heimsins. Þannig eru ekki bara framleiðsluhagsmunir Union Carbide bundnir við hernaðarlega umsjón bandarísku heimsvaldaherjanna, heldur græðir auðhringurinn beinlínis á stríðsrekstrinum og byggir veldi sitt á honum.

En grundvöllur Samstarfsnefndarinnar, sem fulltrúi KSML hafði ekki aðstöðu til að taka þátt í að móta vegna fjarveru sinnar, leggur ekki aðaláhersluna á þessa hlið alþjóðlegrar starfsemi Union Carbide. Í stað þess leggur hann áherslu á að íslenska auðvaldið muni verða atkvæðalítið í samstarfinu við Union Carbide þrátt fyrir meirihlutaeign í málmblendiverksmiðjunni og að erlend stóriðja á Íslandi þýði raunverulega missi á efnahagslegu sjálfstæði landsins, eða með orðum grundvallarins: "íslenskt atvinnulíf verður að hlekk í framleiðslukeðju erlendra auðhringa". KSML álíta það fjarstæðu, að íslenskt atvinnulíf verði innlimað af Union Carbide. Til þess eru margar orsakir. Framleiðsla verksmiðjunnar verður aldrei send inn á íslenskan markað, heldur á markaði erlendis. Stóriðja á borð við málmblendiverksmiðju táknar ekki reiðarslag fyrir íslenskt atvinnulíf, heldur framþróun. Það er alrangt, að halda því fram, að vinnukraftur sem leitar frá landbúnaði og smáútvegi muni ríða íslenska kapitalismanum að fullu. Ekki frekar en erlendur iðnaður og stórútgerð reið íslenskum efnahag að fullu við síðustu aldamót, heldur varð þvert á móti að mikilvægum hlekk í uppbyggingu íslenska kapitalismans. Þannig er stóriðja sem slík ekki fordæmanleg, heldur táknar hún framfaraspor. Hið eina sem hún ryður burtu eru úreltir framleiðsluhættir smáiðjunnar og landbúnaðar í smáum stíl. Það væri álíka rangt að berjast gegn stóriðjunni í dag, og það hefði verið að berjast gegn breytingu landbúnaðarþjóðfélags í iðnvætt þjóðfélag. Orsakanna fyrir baráttunni gegn byggingu Union Carbide málmblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði ber því ekki að leita til þeirrar staðreyndar að hér er um stóriðju að ræða, eða að hún geri íslenskt auðvald háð sér - heldur til þeirrar staðreyndar að Union Carbide auðhringurinn er mikilvægur hornsteinn í arðráns- og kúgunarkerfi bandarísku heimsvaldastefnunnar um víða veröld. Orsakanna fyrir baráttunni gegn málmblendiverksmiðjunni ber þó ekki einvörðungu að leita til þessarar staðreyndar því bygging og starfræksla hennar kemur til með að hafa víðtæk áhrif fyrir verkalýð og bændur á Íslandi."

"Að lokum félagar, langar mig til að gera grein fyrir afstöðu okkar til þátttöku Alþýðubandalagsforystunnar í samningunum við Union Carbide og fjandsamlegrar afstöðu þeirra til samstarfsnefndarinnar.

Alþýðubandalagsforystan afhjúpar óheilindi sín í þessu máli berlega. Í tíð vinstri stjórnarinnar svokölluðu voru pótintátar þingflokks AB leiðandi fyrir samningsumleitanir við auðhringinn og þáverandi iðnaðarráðherra, Magnús Kjartansson, átti drýgstan þátt í þessu. Aðalatriðin, sem vöktu fyrir iðnaðarráðherranum og flokksbræðrum hans voru að samningarnir væru sem hagstæðastir fyrir íslenska auðvaldið. Raforkan átti að vera dýrar seld en í samningunum við Álverksmiðjuna og endurskoðun á raforkuverðinu átti að framkvæma með reglulegu millibili. Eignaraðild íslenskra aðila skyldi tryggja með 51% reglunni.

Þetta sýnir ljóslega, hvaða afstöðu AB-forystan tekur til þessa máls, sem kann að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskan verkalýð og

Frh. á bls. 7

Fyrsta landshlutablað KSML NÝI VERKAMAÐURINN

Í undirbúningi er útgáfa blaðs á Akureyri, Nýi Verkamaðurinn, en það er útgefið af stuðningsdeild Kommúnistasamtakanna á Akureyri. Ætlunin er að fyrsta tbl. komi út fyrir 1. maí.

Staðbundin blöð sem N.V. eru nauðsynleg tæki við uppbyggingu kommúnistaflokks og til að taka upp staðbundin málefni sem ekki eiga heima í Stéttabaráttunni. Þá eru slík blöð nauðsynleg við útbreiðslu höfuðmálgagns okkar, Stéttabaráttunnar.

Í þessu fyrsta tölublaði verður grein um svikastefnu ASÍ-forystunnar, grein um Baráttusamtök launafólks, um uppbyggingu kommúnistaflokksins og ávarp til lesenda frá stuðningsdeildinni hérna fyrir norðan.

Blaðinu verður fyrst um sinni dreift ókeypis á götum Akureyrar og einungis treyst á fjárframlög einstaklinga við að borga kostnaðinn er af slíkri blaðaútgáfu hlýst.

Ákveðið hefur verið að félagar og stuðningsmenn KSML geti orðið styrktaraðiljar að útgáfunni og borgi a.m.k. 500 kr. fyrir tíu tölublöð. Skorum við á alla verkalýðssinna að gerast styrktaraðiljar að útgáfunni, þar sem útgáfukostnaðurinn er mikill.

Við í stuðningsdeildinni hér á Akureyri vonum að þessi útgáfa megi verða fordæmi fyrir félaga og stuðningsmenn Kommúnistasamtakanna um allt land, þannig að verkalýðurinn eignist baráttumálgögn í öllum landsfjórðungum.

-/Stuðn. deild KSML á Akureyri.

AKUREYRI

Ályktun baráttufundar

Baráttufundur um verkalýðs- og kjaramál, haldinn á Akureyri 13. apríl 1975, ályktar:

Fundurinn fordæmir stefnu og starfshætti ASÍ-forystunnar og níumannanefndarinnar, sem birtist hvað skýrast í nýgerðum kjarasamningum.

Samningarnir sýna okkur að ASÍ-forystan semur ekki á grundvelli þarfa verkalýðsstéttarinnar, og leggur auk þess blessun sína yfir kjararánslög ríkisvaldsins, sem gert hafa að engu gerða samninga, undir því yfirskini að verið sé að fresta afgreiðslu málanna.

Samkomulag ASÍ er algjör uppgjöf fyrir stéttarandstæðingnum - atvinnurekendum.

Fundurinn bendir á að það fámennisvald, sem verkalýðsforystan hefur skapað með ólýðræðislegum vinnubrögðum hefir lamað afl verkalýðshreyfingarinnar.

Með harðnandi árásum atvinnurekenda og ríkisvalds samfara dýpkandi kreppu eykst þörfin á að verkafólk skipuleggi sig sjálfstætt, á vinnustöðum, í verkalýðsfélögum og í samtök eins og "Baráttusamtök launafólks", sem stefna að því að byggja upp aftur sterka verkalýðshreyfingu, undir vígorðinu stétt gegn stétt, verkalýðsstétt gegn atvinnurekendastétt.

Fundurinn hvetur verkafólk um land allt til að koma í veg fyrir samþykkt nýrrar vinnulöggjafar, sem atvinnurekendur og ríkisstjórn þeirra eru nú að semja.

Baráttufundur um verkalýðs- og kjaramál, haldinn á Akureyri 13. apríl 1975, ályktar eftirfarandi til verkfallsmanna á Selfossi í Kaupfél. Árnesinga:

Lýsum fullum stuðningi við verkfallsaðgerðir ykkar, sem beinast gegn gerræðislegum vinnubrögðum fámennrar kaupfélagsstjórnar. - Við heitum á ykkur að halda aðgerðum áfram þar til fullur sigur er unninn.

Heimsvaldastefnan og klofningur sósíalismans

Hvernig á að taka ljósmyndir samkvæmt leiðbeiningum dr. Göbbels!

Það er á margra vitorði að Morgunblaðið studdi á sínum tíma þjóðernisstefnuna (nasimann) með ráðum og dáð. Enda eiga sjálfstæðisstefnan og nasisminn það grundvallaratriði sameiginlegt að slá skjaldborg um "einkaeignina og einstaklingsframtakið." Skyldleikinn kom aftur í dagsljósið nýlega þegar Morgunblaðið, sem vel að merkja blandar ekki saman fréttum og pólitík að eigin sögn, birti frétt um mótmælafundinn gegn Union Carbide. Þeir blaðamenn sem höfðu umsjón með þessari frétt hefðu eflaust glatt gamla Göbbels með þeim vinnubrögðum sem þeir ástunda.

Við birtum hér úrklippu úr Mbl. ásamt annarri mynd sem tekin er 5 mínútum fyrr en Mbl. myndin - þær tala sínu máli. Mynd Mbl. er tekin með svonefndri gleiðlinsu (athugið t.d. hallann á klukkunni) og fæst þá þessi frábæri árangur. En þar sem okkur grunar að öllu gleiðari linsur séu vart á boðstólum birtum við einnig okkar tillögu til Morgunblaðsins, hvernig leysa megi málið í framtíðinni - með því að birta eingöngu mynd af gangstéttinni og lýsa því svo yfir, að fundurinn hafi verið mjög fámennur.

Varðandi gömlu konuna, sem getið er um í frétt Mbl., þá sagði einn af tíðindamönnum Stéttabaráttunnar, sem barði hana augum, að sér hafi virst að þar væri Magnús nokkur Þórðarson á ferðinni í dularklæðum - en hann er annars þekktari fyrir að skrifa undir titlinum "húsmóðir" í Mbl. og Vísi. En við seljum ekkert dýrar en við kaupum það.

Ljósmynd Ól.K.M.

Fámennur mótmælafundur

Á föstudaginn var efnt til mótmælafundar gegn fyrirhugaðri málmblendisverksmiðju í Hvalfirði. Eins og sést á þessari mynd var fundurinn fámennur.

Þegar ljósmyndari Mbl. var við myndatöku á Lækjartorgi þegar fundurinn fór fram, vék sér að honum gömul kona, sem þar átti leið um og spurði hvað um væri að ræða. Það er mótmælafundur, svaraði ljósmyndarinn. Hverju er nú verið að mótmæla, spurði konan. Málmblendisverksmiðju í Hvalfirði, svaraði ljósm. — Nú, já, er verið að mótmæla helv... verksmiðjunni, sem hann Magnús Kjartansson er að reyna að koma yfir okkur, sagði gamla konan og gekk á braut.

Hafa bandarísku heimsvaldasinnarnir snúið baki við barnamorðunum?









Í áróðurshrinu þeirri sem hefur staðið að undanförnu í öllum helstu fjölmiðlum hérlendis hefur hin mikla mannúð bandarísku heimsvaldasinnanna hlotið sinn veglega sess. Hið stóra bandaríska hjarta þeirra Fords, Kissingers og Rockefellers **hefur nú loksins komið** fram í dagsljósið eftir áralangan feluleik. Nú prýða myndir af Ford forseta, með munaðarlaus börn í fanginu, forsíður dagblaðanna - og alþjóð viknar þegar hún verður vitni að þessari miklu manngæsku. **Æðsta markmiðið hjá Ford** og Rockefeller þessa dagana er að bjarga munaðarlausum börnum undan hörmungum stríðsins.
Þessir menn, sem stjórna fullkomnastu múgmorðsvél allra alda, og bera ábyrgð á dauða og limlestingu hundruð þúsunda barna sem hafa ýmist verið brennd með Napalmi eða myrt líkt og í Song My (mynd) gera nú strandhögg í munaðarleysingjahælum S-Víetnam til að bjarga börnum.
Að auki hyggjast þeir bjarga um 200þús. Víetnömum áður en Saigonstjórnin hrynur endanlega. Hér er fyrst og fremst um að ræða fyrrverandi starfsmenn bandar. hers, en meðal þeirra leynast einnig þeir sem unnu að framkvæmd Phoenix-áætlunarinnar, þ.e. við að útrýma öllum þeim sem voru grunaðir um stuðning við Þjóðfrelsishreyfinguna.
Umhyggja bandarísku heimsvaldasinnanna gagnvart þessum hlaupatíkum sínum verður kannski skiljanlegri þegar það er haft í huga að með þessari "björgun" gefst Ford tækifæri til að senda um 90þús bandar. hermenn til Víetnam, en sterk öfl í Washington vinna nú að því að koma slíkri innrás í framkvæmd.

Frá ísl. námsmönnum í Osló

Til íslenskra fjölmiðla

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á félagsfundi í FÍSN þ. 8. 4. '75, og biðjum við yður að birta hana í fjölmiðli yðar:

"Þjóðfrelsisfylkingarnar í Kambódíu og Suður-Víetnam hafa á þessu ári fært leppstjórnum Bandaríkjanna í Phnom Penh og Saigon eina stærstu ósigra, sem þeir hafa orðið fyrir í allri sögu Indókína-stríðsins.

Lon Nol hefur nú flúið frá Kambódíu og "mun ekki snúa aftur fyrr en Kambódía þarfnast hans". Flúnir eru einnig þeir sjö aðrir svikarar, sem báru ábyrgð á valdaráninu 1970, af ótta við þá refsingu, sem þjóðin mun búa þeim, þegar frelsunin er komin í kring. Sá dagur, þegar stjórnin fellur færist óðum nær.

Um páskana hefur ÞFF unnið sína stærstu sigra hingað til í Víetnamstríðinu. Hergögn fyrir milljónir dollara hafa verið tekin af Saigonhernum, og flestar hinna stærri borga hafa verið sigraðar, s.s. Da Nang og Qui Nhonm, þar sem Bandaríkin hafa "aðalsendiráð" sín (í reynd stjórnunarmiðstöðvar). Yfir 80% af Víetnam hefur nú verið frelsað. Saigon-herinn hefur gefið upp borgirnar nær átakalaust, og herforingjar og óbreyttir hermenn gerast liðhlaupar eða flýja í stórum hópum.

Flest blöð og aðrir fjölmiðlar á Íslandi kynna málið svo, að það séu BBS og N-Víetnam, sem hafa brotið Parísarsáttmálann, en Saigon-herforingjastjórnin verji hann. Ekkert er fjær sanni. Bandaríkin og Saigonstjórnin hafa skipulega og af ráðnum hug brotið sáttmálann allt frá upphafi og reynt að vinna hernaðarlega sigra. Þær hernaðaraðgerðir, sem lið ÞFF nú hefur í frammi, sýnir, að aðeins ein leið er fær Bandaríkjunum og Saigon-stjórninni, - nefnilega að fylgja ákvæðum Parísar-sáttmálans. Um leið og Bandaríkin láta sér þetta skiljast og hætta að halda lífi í leppum sínum, er friður tryggður.

Bandaríska heimsvaldastefnan og fréttastofurnar í heiminum, sem flestar lúta forræði Bandaríkjanna, hafa nú skyndilega fengið mikla umhyggju fyrir flóttafólki í S-Víetnam.

Þessi umhyggja er frá hendi Bandaríkjanna ekkert annað en tilraun til að fela fyrri glæpi sína og til að hylja undirbúning nýrrar innrásar í Víetnam. Það er herlið Saigonstjórnarinnar og bandaríska stjórnin, sem alla ábyrgð ber á flóttafólkinu og vandamálum þess. Með því að reka fólk burt frá heimilum sínum til að koma í veg fyrir að það gerist borgarar á svæðum BBS og með því að nota almenna borgara sem skjöld og brynju í baráttunni gegn ÞFF, gerir Saigon-herinn sig sekan um óskiljanleg og grimmdarleg svik við íbúa landsins. Sem vinir víetnömsku þjóðarinnar er það skylda íslendinga að mótmæla þessu.

Á svæðum BBS búa nú u.þ.b. 4 milljónir flóttamanna, sem áður voru fangar í aðgerðarleysis-búðum Saigon-stjórnarinnar. BBS hefur beðið heiminn að veita þessum flóttamönnum aðstoð þegar í stað. Við skorum á íslensku þjóðina að taka virkan þátt í því starfi.

Við heitum á íslensku þjóðina að taka undir eftirfarandi kröfur okkar:

1. Veitum þjóðfrelsisbaráttu víetnama og kambódíumanna fullan stuðning!
2. Niður með svikarana Lon Nol og Thieu!
3. Gegn nýrri innrás Bandaríkjanna undir fölsku flaggi flóttamannahjálpar!
4. Bandaríkin og Saigon haldi Parísarsáttmálann!
5. Við krefjumst þess, að hinum einhliða málflutningi í íslenskum fjölmiðlum verði hætt, og að raddir víetnömsku þjóðarinnar, BBS og ÞFF, verði gert jafn hátt undir höfði og áróðri Saigon-liðanna!
6. Íslenska stjórnin viðurkenni þegar í stað BBS og slíti öllu sambandi við Saigon-stjórnina!
7. Íslenska ríkisstjórnin viðurkenni þegar í stað GRUNC, útlagastjórn Kambódíu!"

Með kærri þökk fyrir birtinguna,
Félag íslenskra námsmanna í Osló

Af hverju hrundi Saigonherinn?

Morgunblaðið hefur reynt að innprenta landslýð þá blekkingu að það séu "kommúnistar sem hafi rofið Parísarsáttmálann", blaðið hefur birt heilan leiðara um "griðrof kommúnista" og þar fram eftir götunum. En hver er sannleikurinn í þessu máli - hvað er það sem Morgunblaðið er að reyna að fela?

Morgunblaðið hamast við að fela þá staðreynd, að það voru bandaríksu heimsvaldasinnarnir og leppar þeirra í Saigon, sem hafa þverbrotið samkomulagið - enda var það aldrei ætlun þeirra að halda það í heiðri. En þótt Morgunblaðið sitji við sama heygarðshornið þá tala staðreyndirnar sínu máli - og gegn lygum Morgunblaðsins. Það þarf ekki annað en að flétta í bandaríska tímaritinu "Time" (sem varla verður sakað um að vera málgagn kommúnista) til þess að finna nokkrar þessara staðreynda.

Í "Time" frá 14. apríl s.l. er sagt frá hvernig Saigonherinn braut samkomulagið í sífellu, m.a. segir frá því að honum hafi tekist að auka yfirráðasvæði sitt um 20% frá því að samkomulagið var undirritað þar til þjóðfrelsisherinn hóf gagnsókn. Ennfremur skýrir blaðið frá því að Thieu hafi gert allt sem í hans valdi stóð til að hindra pólitíska starfsemi á svæði Saigonstjórnarinnar - en í Parísarsamkomulaginu var kveðið á um að frelsi til stjórnmálastarfsemi skyldi tryggt. Brot Saigonstjórnarinnar komu einnig fram í því að her hennar réðist á hersveitir úr liði Þjóðfrelsishersins sem komu á fyrirfram ákveðna staði (sem samið var um í Parísarsamkomulaginu) til þess að setjast að á frelsuðu svæðunum. Allt þetta getur að líta á bls. 26 í fyrrnefndu tímariti.

Auk þessa þá héldu bandarísku heimsvaldasinnarnir áfram að senda vopn til Thieu-klíkunnar, og 25.000 bandarískir hernaðarráðgjafar stjórnuðu aðgerðum Saigonhersins í árásum hans gegn frelsuðu svæðunum. Hvorttveggja var þetta brot á Parísarsamkomulaginu.

Hér var því aldrei um "griðrof kommúnista" að ræða - heldur uppreisn alþýðunnar í bæjunum ("fimmta herdeild kommúnista" eins og það heitir í Morgunblaðinu) - uppreisn gegn ógnarstjórn Thieu-fasistanna. Það er hin eina raunverulega skýring á skyndilegu undanhaldi Saigonhersins - sem taldi til skamms tíma 1,1 milljón hermanna og hafði yfir að ráða 3ja stærsta flugher í heimi (aðeins Bandaríkin og Sovétríkin hafa stærri flugher). Gegn þessari vígvél stóð Þjóðfrelsisherinn (um 200 þúsund) með stuðning allrar alþýðu að baki sér.

Það er staðreynd að Saigonherinn var byggður upp af bandarísku heimsvaldasinnunum - þar af leiðandi gat hann aldrei staðist til lengdar eftir að meginher Bandaríkjanna var farinn frá Víetnam. Síðustu mánuðina fyrir undanhaldið var tala liðhlaupa um 24.000 á mánuði hverjum (skv. bandaríska tímaritinu "Newsweek").

Sigur þjóðfrelsisaflanna nú er enn ein staðfesting þess að allt tal um innrás að norðan og að alþýða S-Víetnam hafi stutt Saigon (greitt henni atkvæði "með fótunum") er blekking. Ef Þjóðfrelsisherinn, sem hvorki hefur flugvélar né skriðdreka (þótt vestrænar fréttastofur reyni að halda því fram), nyti ekki stuðnings alþýðunnar í S-Víetnam - þá væri honum gjörsamlega ómögulegt að sigra bæði bandaríska herinn og Saigonherinn.

-/hh

Afstaða trotskyistanna í Fylkingunni til baráttunnar í Víetnam

Það hefur berlega komið í ljós að undanförnu hversu gagnbyltingarsinnuð afstaða trotskýistanna í Fylkingunni er í rauninni. Sú stefna sem sigraði á sumarráðstefnu Fylkingarinnar s.l. sumar hefur nú verið kynnt í Neista og í umræðunum varðandi samfylkingu á 1. maí.
Afstaða Fylkingarinnar er í stuttu máli sú að þeir setja fram vígorðin "Lifi sósíalskt Víetnam" og "Öll völd til BBS" (Bráðabirgðabyltingarstjórnarinnar í S-Víetnam).
Ennfremur hafa trotskýistarnir ráðist gegn Parísarsamkomulaginu og túlkað það sem ósigur fyrir þjóðfrelsisöflin. Sem dæmi um þá afstöðu má nefna skrif í blaðinu "The Militant" sem er málgagn "Socialist Workers party" (stærstu samtök trotskýista í Bandaríkjunum). Í því blaði segir (31. tbl. '74) "að Parísarsamningarnir voru í heild afturför fyrir baráttuna í Víetnam", ennfremur er talað um að "stalínistarnir" í Þjóðfrelsishreyfingunni hafi svikið baráttuna með því að skrifa undir samningana.

Þessi afstaða trotskýistanna birtist þannig í verki að þeir styðja ekki baráttuna í Víetnam skilyrðislaust - þeir afneita því að berjast fyrir sem víðtækustum stuðningi við þjóðfrelsisöflin, en vilja þess í stað einangra stuðningsstarfið við þá sem styðja sósíalismann (Lifi sósíaliskt Víetnam)
Þessi stefna getur, ef hún nær sterkri fótfestu t.d. í Víetnamnefndinni, veikt stuðningsstarfið gífurlega.

Krafan um "Öll völd til BBS", sem er sett fram í 4. tbl. '75, er algjörlega andstæð stefnu BBS. Sem dæmi um það má benda á samsteypustjórnina sem BBS hefur sett fram sem baráttumál - og fært fram í verki t.d. í Da Nang. Barátta BBS beinist nú að því að fá Bandaríkjaleppinn Thieu settan af - og að í hans stað komi ríkisstjórn sem framfylgi ákvæðum Parísarsáttmálans um frið og sættir þjóðarinnar. Fylkingin, sem neitar að viðurkenna baráttuna sem baráttu fyrir nýlýðræði, setur sínar skoðanir ofar stefnu BBS - en þykist samt styðja BBS. Fylkingin neitar að viðurkenna skilgreiningu BBS á ástandinu og telur sig betur til þess fallna, sitjandi hér uppi á Íslandi, til þess að smíða baráttuvígorðin fyrir alþýðu Víetnam.
Því miður er ekki rúm í þessu blaði til að fjalla nánar um gagnbyltingarstefnu Fylkingarinnar - það verður að bíða næsta blaðs.

-/HH

Ræða Kristjàns Guðlaugssonar á Víetnamfundinum 12. apríl

Heimsvaldastefnan er á undanhaldi

Félagar!

Fáir atburðir hafa haft eins mikil áhrif á þróun alþjóðastjórnmála eftir síðari heimsstyrjöld og styrjöldin í Indókína. Ef leita ætti að sambærilegum áhrifavöldum á þessari öld verður Októberbyltingin í Rússlandi árið 1917 og hin mikla kínverska bylting 1949 helst fyrir hendi. Strax að lokinni síðari heimsstyrjöldinni höfðu bandarísku heimsvaldasinnarnir undirtökin í öllu fjármálalífi og pólitísku lífi auðvaldsheimsins og þeir reyndu eftir megni að safna saman kröftum auðvaldsins til gagnárásar á hinar sigursælu herbúðir sósíalismans, sem höfðu aukið víðfeðmi sína og áhrifamátt gífurlega á árunum eftir styrjöldina. Byltingarnar í Austur-Evrópu lögðu þungt lóð á vogarskál sósíalismans og kínverska byltingin svipti heimsvaldasinnana víðfeðmasta markaði samtímans og gífurlegum auðlindum- 700 milljónir manna gengu til liðs við sósíalismann og hófu í fyrsta skipti að nýta hinar auðugu náttúrugnægtir lands síns til uppbyggingar í þágu alþýðunnar.

Kóreustyrjöldin var glöggt merki um örvæntingu bandarísku heimsvaldasinnanna og leppstjórna þeirra víðsvegar um heiminn. Hervæðing sú og fjölþjóðleg skipulagning auðvaldsríkjanna sem stofnun hernaðar- og árásarbandalaganna NATO, CENTO og SEATO fól í sér, var raunverulega samhæfing og endurskipulagning auðvaldsheimsins undir forystu bandarísku heimsvaldasinnanna til árásar á herbúðir sósíalismans og endurreisnar kapítalismans í þeim löndum, sem gengið höfðu kommúnismanum á hönd.

Þess vegna merkti ósigur bandarísku herjanna í Kóreustyrjöldinni í raun og veru innsiglingu þess sigurs, sem alþýðan hafði þegar unnið í vopnaðri baráttu gegn fasismanum á styrjaldarárunum. Kóreustyrjöldin staðfesti, að heimsmarkaður sósíalismans hafði ekki einasta verið reistur úr rústum stríðsins, heldur og festur það rækilega í sessi, að árásir heimsvaldasamsteypnanna megnuðu ekki að brjóta hann á bak aftur.

Þess vegna einbeittu bandarísku heimsvaldasinnarnir sér að því verkefni, að koma í veg fyrir frekari sigra sósíalismans, að brjóta á bak aftur þær frelsishreyfingar, sem unnið höfðu fylgi alþýðu heimalanda sinna, en enn höfðu ekki fengið afgerandi sigur yfir árásar- og kúgunarherjum heimsvaldasinna. Hvarvetna þar sem þjóðfrelsisstyrjaldir voru hafnar, eða alþýðuuppreisnir, sendu bandarísku heimsvaldasinnarnir heri sína á vettvang og dollarastraumurinn var óslitinn til fasískra einræðisstjórna, sem gengið höfðu á mála hjá heimsvaldasinnum. Þess vegna hófu bandarísku heimsvaldasinnarnir að reka víðtækan áróður fyrir hinu vestræan frelsi, reyndu að skapa aðgerðum sínum í öðrum heimshlutum hefð og láta það líta svo út sem Bandaríkin væru réttkjörin heimslögregla til þess að skakka leikinn hvar sem vera skyldi í heiminum. Í Guatemala, í Líbanon, alls staðar í S-Ameríku og í Asíu skárust bandarísku heimsvaldasinnarnir í innri málefni þjóða og veittu innlendum afturhaldsöflum hernaðarlegan og fjárhagslegan stuðning til þess að bæla frelsishreyfingar alþýðunnar niður.



Kristján Guðlaugsson

Í Indókína hafði franska heimsvaldastefnan beðið afhroð í stríðinu gegn frelsisherjum alþýðufylkingarinnar Viet Minh og þrátt fyrir allan stuðning bandarísku heimsvaldasinnanna biðu frakkar fullan ósigur við Dien Bien Phu árið 1954. Þjóðfrelsisöflin í Víetnam höfðu sigrað kúgara sína og bandarísku heimsvaldasinnunum tókst ekki að koma í veg fyrir stofnun alþýðulýðveldis, þrátt fyrir tilraunir í þá átt á Genfarfundunum 1954. En þeim tókst að beita sömu aðferðum og notaðar höfðu verið í Kóreu, að skipta landinu upp í tvo ~~hluta~~ andstæða helminga og skapa sjálfum sér "siðferðilegan" rétt til afskipta af innanríkismálefnum Víetnam. Í stað þess að koma á frjálsum kosningum í bæði Norður- og Suður-Víetnam, eins og samþykkt hafði verið á Genfarráðstefnunni, innan árs frá síðasta Genfarfundinum, komu bandarísku heimsvaldasinnarnir fótunum undir leppstjórn sína í Víetnam og hófust handa um að bæla baráttu alþýðunnar fyrir þjóðfrelsi í syðri hluta landsins algerlega og endanlega niður. En þessar aðgerðir báru ekki tilætlaðan árangur. Styrkur þjóðfrelsisaflanna jókst og aðgerðir þeirra jukust að sama skapi. Að lokum var svo komið, að bandarísku heimsvaldasinnarnir sáu sér ekki annað fært en að hefja fullan hernað gegn alþýðunni í Víetnam og hófu stórfellda liðsflutninga til landsins.

Þetta var árið 1960. Fáa hefur sjálfsagt rennt í grun þá, að hin fátæka bændaþjóð, sem byggði Víetnam ætti eftir að leggja mesta hernaðarveldi sögunnar að velli á fimmtán árum. Og slíkt hefði líka verið óhugsandi ef þróun heimsmála hefði ekki verið alþýðu Indókína í hag og ef hin hugprúða og ósveigjanlega frelsisbarátta víetnömsku alþýðunnar hefði ekki eignast volduga bandamenn um víða veröld.

Frumskilyrði fyrir sigri Þjóðfrelsisfylkingarinnar var að sjálfsögðu skipulagning og hervæðing alþýðunnar í landinu sjálfu. Ef Þjóðfrelsisfylkingin hefði ekki þegar frá upphafi fylgt þeirri stefnu, að sameina og samhæfa styrk og baráttuþrek allra þeirra, sem á einhvern hátt voru andstæðir bandarísku árásaröflunum og leppstjórn þeirra í Saigon, hefði raunin kannske orðið önnur en sú, sem blasir við í dag. En Þjóðfrelsisfylkingin megnaði í starfi sínu og fórnfúsri baráttu fyrir þjóðfrelsi, að sameina bændaalþýðuna, vinnandi alþýðu í borgum og bæjum, menntamenn, hina þjóðlegu borgarastétt og andstæða trúarhópa undir forystu verkalýðsins til baráttu að sameiginlegu markmiði: algerum sigri yfir bandarísku heimsvaldaherjunum og strengbrúðum þeirra í Saigon. Án þessarar víðtæku samfylkingar hefði sigurinn reynst ókleifur. En þó að þessi víðtæka samfylking allra þjóðlegra afla í landinu hafi verið og sé forsendan fyrir algerum sigri víetnömsku alþýðunnar, hefði hún ein sér ekki nægt til að sigrast á mesta vígbúnaðarveldi mannkynssögunnar - Bandaríkjunum. Hernaðarlegur máttur víetnömsku alþýðunnar og vopnabúnaður hennar var ekki slíkur að hún gæti unnið fullnaðarsigur án aðstoðar utan frá. En þessa aðstoð fékk Þjóðfrelsisfylkingin einmitt og með því var þeim skilyrðum fullnægt sem til þurfti til að sigra bandarísku heimsvaldasinnana.

Aðstoðin kom framan af og einnig síðar fyrst og fremst frá sósíalísku ríkjunum, bæði frá Norður-Víetnam og Kína og Sovétríkjunum sem og öðrum ríkjum, sem gengið höfðu inn í heimsmarkað sósíalismans eftir síðari heimsstyrjöldina. En aðstoðin kom ekki aðeins þaðan, hún kom líka frá harta auðvaldsheimsins - frá Evrópu og Bandaríkjunum.

Hin hetjulega barátta víetnömsku alþýðunnar og glæpaverk bandarísku heimsvaldaherjanna vöktu víðtæka samúð og samstöðu meðal verkalýðsins og vinnandi alþýðu auðvaldslandanna. Megn andúð á hryðjuverkum Bandaríkjamanna og fasistastjórninni í Saigon leiddi til samfylkingar, sem náði til allra heimshorna og tók til þjóðlífs hvers einasta lands veraldarinnar. Samstöðufylkingar, Víetnamnefndir og samstarfsnefndir voru stofnaðar um allan heim til að berjast við hlið víetnömsku alþýðunnar gegn ofbeldis- og glæpaverkum bandarísku heimsvaldasinnanna. Ríkisstjórnir landanna í þriðja heiminum og einnig nokkurra Evrópulanda tóku upp stuðning við kröfu víetnömsku alþýðunnar um frelsi. Smáþjóðir sem sjálfar höfðu orðið fyrir barðinu á ofríki risaveldanna á alþjóðvettvangi og óskuðu eftir að ráða málum sínum sjálfar, studdu kröfur víetnömsku alþýðunnar í vopnaðri baráttu hennar gegn ofríki því, sem bandarísku heimsvaldasinnarnir beittu hana og kröfur hennar um sjálfsákvörðunarrétt sér til handa. Í Bandaríkjunum sjálfum reis upp öflug andstöðuhreyfing gegn stríðsglæpum þeim sem Pentagon og Hvíta húsið framkvæmdu í Víetnam. Hermenn, sem tekið höfðu þátt í ofbeldisverkunum í Víetnam, hermenn sem orðið höfðu örkumla í tilgangslausri þjóðarmorðs tilraun, aðstandendur þeirra, sem fórnað hafði verið á altari gróða bandarísku fjármálaauðvaldsins tóku höndum saman við hina róttæku stúdentaæsku í háskólum Bandaríkjanna og vinnandi alþýðu um að stöðva styrjöldina í Indókína. Hundruð þúsunda mótmæltu stríðsrekstrinum og glæpaverkunum, sem bandaríska ríkisstjórnin framkvæmdi í Indókína. Þjóðfrelsisfylkingin í S-Víetnam, sem í fyrstu hafði leitast við að sameina sem flesta innan marka heimalandsins, hafði nú einnig sameinað alla frelsisunnandi manneskjur og heiðarlega andheimsvaldasinna í baráttu fyrir hinum mikla málstað sínum - málstað frelsisins.

Bandaríska heimsvaldastefnan varð nú að sæta gagnrýni og árásum ekki aðeins frá alþýðu Indókína og alþýðu þriðja heimsins, heldur einnig frá verkalýð og vinnandi alþýðu Evrópuríkjanna og Bandaríkjanna sjálfra. Það var þessi samfylking alþýðu heimsins sem setti bandarísku heimsvaldastefnuna á kné. Í fremstu víglínu eru vopnaðar sveitir Þjóðfrelsisfylkingarinnar og að baki hennar milljónir frelsisunnandi alþýðu gervalls heimsins. Bandaríska heimsvaldastefnan, sem 1960 hafði virst ósigrandi með hinum atómbúna milljónaher sínum og óendanlegum nútímahergögnum, reyndist vera pappírstígrisdýr - svo orð hins mikla leiðtoga kínversku kommúnistanna, Maós Tse-tungs, séu notuð.

Þarna, félagar, liggur ástæðan fyrir því, hversu þýðingarmikil þjóðfrelsisbarátta víetnömsku alþýðunnar er hvarvetna í heiminum í dag.

Milljónir vinnandi manna um allan heim hafa öðlast nýja von um frelsi og framtíð, sem er laus undan þrældómsoki heimsvaldastefnunnar. Sigrar víetnömsku alþýðunnar eru herlúðrarnir, sem hafa kallað milljónaheri hinnar kúguðu og smáðu alþýðu þriðja heimsins fram á vettvang sögunnar, alls staðar - í Asíu, í Afríku og í Latnesku Ameríku hefur alþýðan fylgt fordæmi hinnar hetjulegu víetnömsku alþýðu. Þjóðfrelsisbaráttan í þriðja heiminum og barátta smárra ríkja og ósjálfstæðra fyrir sjálfsákvörðun og jafnrétti við hinar ríku iðnaðarþjóðir V-Evrópu og N-Ameríku fer í kjölfar sigurgöngunnar sem víetnamska alþýðan hefur farið gegn fjandmönnum sínum.

Bændamúgurinn og verkalýðurinn í löndum þriðja heimsins, sem býr við ólýsanlegar þjáningar, réttindaleysi og miskunnarlausa kúgun heimsvaldastefnunnar og leppa hennar, hefur aftur öðlast trú á sjálfum sér og möguleikum sínum til sjálfstæðrar uppbyggingar landa sinna.

Alþýða þriðja heimsins veit, að sú barátta, sem í dag er háð af einbeitni og fórnfýsi í Indókína þessa dagana er ekki aðeins sigur fyrir alþýðuna í Indókína heldur einnig sigur fyrir alþýðu alls heimsins. Hún veit, að barátta víetnömsku alþýðunnar og kambódísku alþýðunnar fyrir þjóðfrelsi er af sama toga spunnin og barátta kínversku alþýðunnar á 4. og 5. áratug þessarar aldar og hún veit einnig, að slík barátta mun gefa ríkulega ávexti. Fordæmi kínversku alþýðunnar er lýsandi dæmi um árangurinn af vopnaðri þjóðfrelsisbaráttu og sósíalískri uppbyggingu. Þess vegna styður alþýða alls þriðja heimsins baráttu Þjóðfrelsisfylkingarinnar og bindur vonir sínar við sigur hennar. Því endanlegur sigur víetnömsku þjóðarinnar yfir bandarísku heimsvaldastefnunni sannar áþreifanlegar en nokkur rök þá ómótmælanlegu staðreynd, að þrátt fyrir hernaðarlega yfirburði og ríkidæmi sitt eru Bandaríki Norður-Ameríku ekki ósigrandi. Alþýðan sér, að bandaríska heimsvaldastefnan bregst við sigrum víetnömsku alþýðunnar eins og heimskur risi sem slær blint frá sér og skapar sér þannig stöðugt fleiri óvini, en eyðir þrótti sínum til einskis. Hún sér, að bandaríska heimsvaldastefnan er í upplausn bæði heima fyrir og á alþjóðamælikvarða. Heima fyrir verður lögregluofbeldið og fasísku tilhneigingarnar æ sterkari, eftir því sem málstaður bandaríska fjármálaauðvaldsins verður verri og óvinsælli, en á alþjóðamælikvarða missa Bandaríkin sífellt ítök sín og bandamenn þeirra snúa við þeim bakinu, en óvinir þeirra herða baráttuna gegn þeim. Þannig hefur þjóðfrelsisbaráttan í Víetnam orðið einn af hornsteinunum í þeirri frelsis- og byltingarvakningu fjöldans í nýlendunum og í heimsvaldalöndunum, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum.

Lokasókn víetnömsku alþýðunnar hefur slíkt alþjóðlegt gildi fyrir alla frelsis- og byltingarbaráttu í heiminum í dag, að hún skyldar okkur sem hér erum stödd til að efla starfið fyrir samstöðu og stuðningi við þjóðfrelsisöflin. Því að sigur víetnömsku alþýðunnar hefur ekki einasta gildi fyrir frelsisbaráttu alþýðu þriðja heimsins, heldur hefur hún einnig geysilegt gildi fyrir baráttu allrar friðelskandi alþýðu heimsins gegn stríðsfyrirætlunum risaveldanna. Að styðja hernaðarlegan og algeran sigur Þjóðfrelsisfylkingarinnar í Víetnam merkir að stuðla að heimsfriði og því víðtækari sem afhjúpanir Indókínastyrjaldarinnar eru a´eðli og markmiðum heimsvaldastefnu þess risaveldis, sem er að bíða ósigur í Víetnam, því víðtækari samstaða og stuðningur sem skapast meðal allrar alþýðu gegn stríðsrekstri risaveldanna í löndum þriðja heimsins, því styrkari stendur alþjóðleg samstaða vinnandi alþýðu og frelsis- og friðarunnandi manna gegn hættunni á þriðju heimsstyrjöldinni.

Félagar! Heimsvaldastefnan er á undanhaldi, þjóðir sækja fram til frelsis, lönd berjast fyrir sjálfstæði og alþýða heimsins fyrir byltingu. Öflug samfylking allra frelsis- og friðarunnandi manna, úr hvaða stjórnmálaflokki sem vera skal, til stuðnings alþýðu Víetnam og Kambódíu er það lóð, sem íslensk alþýða getur í dag lagt á vogarskál friðarins.

Okkur ber að styðja þjóðfrelsisöflin fjárhagslega og pólitískt. Fjárhagslega með þeirri söfnun, sem nú er hleypt af stokkunum og pólitískt með því að skapa víðtæka samstöðu um kröfu á hendur íslensku ríkisstjórnarinnar, að hún taki þegar í stað upp stjórnmálasamband við stjórn alþýðunnar í Víetnam - Bráðabirgðabyltingarstjórn Suður-Víetnam.

Fullan sigur víetnömsku alþýðunnar! Fullan stuðning við Þjóðfrelsisfylkingu Suður-Víetnam!


Fréttatilkynning frá Vietnamnefndinni

Á samstöðu- og fjáröflunarfundi Víetnamnefndarinnar á Íslandi, sem haldinn var í Háskólabíói laugard. 12/4, skrifuðu 737 fundarmenn undir áskorun til íslensku ríkisstjórnarinnar um að viðurkenna þegar í stað Bráðabirgðabyltingarstjórnina í Lýðveldinu S-Víetnam (BBS).

Á fundinum söfnuðust um 250.000kr. sem munu ganga til BBS til uppbyggingar á frelsuðu svæðunum í S-Víetnam.

Bæði undirskriftasöfnuninni og fjársöfnuninni verður haldið áfram um land allt, og stefnir nefndin að því að safna einni milljón króna fram til 1. maí.

Nefndin vill taka það fram að söfnunin er ekki ætluð til stríðsreksturs í S-Víetnam, eins og ranghermt hefur verið í einu dagblaðanna, heldur mun söfnunarféð ganga óskipt til uppbyggingar á hinum frelsuðu svæðum í S-Víetnam. Í þessu sambandi má benda á að Þjóðfrelsisherinn hefur tæplega þörf fyrir "hernaðaraðstoð" frá Íslendingum - þar sem hann hefur nýlega geta gengið að bandarískum vopnum að verðmæti u.þ.b. 1 milljarði Bandaríkjadala (samkv. vestrænum fréttastofnunum) sem her leppstjórnarinnar í Saigon sildi eftir á trylltum flótta sínum.





.Sjálfboðaliðar Víetnamnefndarinnar söfnuðu fé og undirskriftum á fundinum

Frá Straumsvík

Eftirleikur desember samkomulagsins

Í desember 1974 var gert bráðabirgðasamkomulag milli Ísl. Álfélagsins annars vegar og Verkamannafélagsins Hlífar hins vegar. Samkomulag þetta fól í sér óverulegar kjarabætur, en jafnframt afsalaði félagið sér réttinum til að fara fram á frekari kjarabætur, fyrr en samist hefði á hinum almenna vinnumarkaði. Félagar úr KSML í Straumsvík bentu á að það væri rangt að samþykkja samkomulagið þar sem óvíst væri hvenær samið yrði á almennum markaði, og bentu ennfremur á að allar forsendur væru fyrir hendi að verkamenn í Straumsvík næðu fram verulegum kjarabótum, og gætu þannig verið leiðandi í kjarabaráttunni. Aðalrök verkalýðsforystunnar var, að betra væri aðsemja á eftir hinum almenna vinnumarkaði þar sem þá næðust betri kjör en ella, eða með öðrum orðum, að sleikja rjómann af þeim kjarabótum sem hinn almenni vinnumarkaðaður semdi um. Hugleysi og undirlægjuháttur verkalýðsforystunnar gagnvart ÍSAL kapitalistunum undirstrikaðist ennþá betur við þetta samkomulag. Árangurinn af þessari baráttuaðferð kemur fram í dag þegar bráðabirgðasamkomulag ASÍ og VSÍ er lagt fram eftir margra vikna leynimakk. Samkomulagið felur í sér nákvæmlega sömu prósentuhækkun, til þeirra lægstlaunuðu, og ÍSAL-verkamenn fengu í des. 1974 eða 13% Það er deginum ljósara að bráðabirgðasamkomulagið á sínar rætur að rekja til ÍSAL-samkomulagsins, enda ekki óeðlilegt, þar sem Ragnar Halldórsson, stjórnarformaður Ísl. Álfélagsins situr einnig í stjórn Vinnuveitendasambands Íslands.

Yfirgangur ÍSAL í garð verkamanna

Frá áramótum hafa staðið yfir samningafundir á milli verkalýðsforystunnar og ÍSAL um bættan aðbúnað á vinnustaðnum, árangurinn af þessum fundum hefur ekki litið dagsins ljós, sen greinilegt er að ráðamenn ÍSAL, sem og aðrir kapitalistar, ætla að notfæra sér versnandi horfur í atvinnumálum til þess að auka vinnuálagið og herða sultarólina að verkamönnum. Í Straumsvík hefur þetta m.a. komið fram í því að búningsherbergjum verkamanna hefur verið læst, undir því yfirskyni að verið sé að vernda eigur okkar fyrir þjófum. Það er því ekki óeðlilegt að verkamenn spyrji hverjir eru þjófarnir, þegar allir ráðamenn fyrirtækisins ganga með lykla upp á vasann. Nei, ástæðan fyrir því að búningsherbergjum verkamanna var læst, var sú að verið var að útiloka verkamenn í Straumsvík frá því að geta haft eitthvert afdrep, eftir að settum verkefnum var lokið, nú skal nýta hverja mínútu vinnutímans, jafnvel með tilgangslausum verkum, ef annað fellur ekki til.

Samfylkingarnefndin

KSML í Straumsvík hafa lengi rekið áróður fyrir sjálfstæðu skipulagi verkamanna á vinnustaðnum. Árangur af starfi okkar er nú farinn að koma í ljós, samfara því að yfirgangur ÍSAL vex með hverjum deginum sem líður. Flestar vaktir og deildir hafa nú kosið sér fulltrúa í samfylkingarnefnd með það að markmiði að verja hagsmuni verkamanna á vinnustaðnum, gegn yfirgangi atvinnurekenda. Enn sem komið er hefur starfssvið samfylkingarnefndarinnar ekki verið fullmótað, en augljóst er að kröfumótun og samningsréttur verði í höndum verkamanna sjálfra, en ekki undir oki faglegra og pólitískra geldinga í verkalýðsforystunni. Með því að skipuleggja okkur sjálfstætt á vinnustöðunum gerum við okkur kleift að skipuleggja okkur á grundvelli stéttarbaráttunnar gegn auðvaldsskipulaginu, fyrir sósíalismann.

-/Straumsvíkursella KSML

Afleiðingar svikasamninga Dagsbrúnarforystunnar og VSÍ í des. sl.:

Verkfall hja Togaraafgreiðslunni

Mánudaginn 10. mars s.l. lögðu verkamenn í fragtskipadeild Togaraafgreiðslunnar niður vinnu. Ástæðan var sú að fjölgað var kauptöxtum við uppskipunarvinnu. Nýi kaupaukinn var 8% og reyndust aðeins 3 uppfylla þau skilyrði sem honum fylgdu. Skilyrðin voru þau að viðkomandi varð að hafa lokið 3ja vikna námskeiði. Áður voru að vísu 3 taxtar, byrjendakaup, kaup eftir 3 mánuði og kaup eftir 1 ár. Þessir taxtar eiga það hinsvegar sameiginlegt að þeir taka mið af reynslunni einni saman.

Nokkrum dögum áður höfðu verkamennirnir við togarana (þeir sem ekki höfðu farið á námskeiðið) sett fram kröfur um 8% kaupaukann. Stjórn Togaraafgreiðslunnar tregðaðist við að samþykkja kröfur þeirra og skelltu verkamennirnir á verkfalli. Brá þá svo við að stjórnin gerði þeim tilboð um að þeir sem unnið höfðu í 10 ár eða lengur skyldu fá kaupaukann og gengu þeir að því. (Til glöggvunar skal þess getið að svo til allir höfðu þennan starfstíma að baki).

Strax og við fréttum þessi málalok héldum við fund og kom þá í ljós að enginn okkar uppfyllti skilyrðin. Niðurstaðan varð sú að tilboðið væri engin lausn fyrir okkur. Var því ákveðið að fara í verkfall samdægurs. Við báðum um fund með forstjóranum og lýstum þeirri skoðun okkar að við sæjum enga frambærilega ástæðu fyrir því að mismuna mönnum í kaupi. Námskeiðið sem notað væri sem yfirvarp væri ekkert annað en skrípaleikur. Forstjórinn féllst á skoðanir okkar varðandi námskeiðið, en synjaði kröfum okkar um kauphækkun á þeirri forsendu að samningar hefðu verið gerðir og þá bæri að halda. Með þessi svör fórum við.

Verkfallið stóð í 2 1/2 dag og því lauk án þess að kröfur okkar næður fram að ganga. Meginástæða þess að verkfallið fór út um þúfur var sú að hópur verkamanna hjá fyrirtækinu, svokallað katlalið, reyndist reiðubúið til að taka upp okkar störf.

Við skulum að lokum skoða hvernig stjórnendur Togaraafgreiðslunnar virða eigin ályktanir. Frá og með 1. mars er kaupaukinn greiddur til þeirra fáu sem fóru á námskeiðið. Viku seinna fá þeir sem unnið hafa í 10 ár eða lengur og fóru ekki á námskeiðið, sama kaupauka. Þá kemur upp "vandamál", nokkrir togaraverkamenn voru semsé eftir og einnig vantaði nokkra nýja menn í togarana um þetta leyti. Líklega hefur greiðsla kaupaukans til þessara verkamanna átt að vera leyndarmál.

Af framansögðu á að vera ljóst að stjórnendur Togaraafgreiðslunnar hafa nú þegar kastað rekunum á sínar eigin röksemdir og að við höfum unnið á þeim siðferðilegan sigur. Fullur sigur hlýtur að vera skammt undan.

-/Jón Kristjánsson

Til hvers eru námsskeiðin

Þau námskeið sem hafnarverkamenn þurftu að fara í til að fá 8% kauphækkun stóðu yfir í þrjár vikur, tvo tíma á kvöldi fimm daga vikunnar.

Námsskeiðunum var skipt í þrennt: Öryggismál, brunavarnir og slysavarnir. Það sem var einkennandi fyrir þessi námsskeið var, að þau innibáru ekkert raunhæft fyrir hafnarverkamennina, varðandi vinnustaðinn. T.d. var þannig á fundunum um brunavarnir, ekkert fjallað um eldsvoða í skipum, eða á vinnustað hafnarverkamanna. Þannig sagði Rúnar Bjarnason sem leiðbeindi á námsskeiðinu: "Það atriði heyrir ekki undir Slökkvilið Reykjavíkur, heldur undir aðra aðila." Hinsvegar fjallaði Rúnar mjög ítarlega um eldhættur í heimahúsum, og benti hafnarverkamönnum á þá hættu sem felst í því "að húsmóðirin fari á fráhnepptum nælonsloppnum upp úr rúminu á morgnana og kveikti á eldavélinni, slíkt væri stórhættulegt." Líka skýrði hann frá því í löngu máli hvernig slökkviliðið hefði átt í baráttu við bæjarsímann um að fá eitthvert tiltekið símanúmer.

Í orðinu "slysavarnir" hljóta að eiga felast einhver atriði sem eru fyrirbyggjandi því að slys eigi sér stað. En á námsskeiðunum var aðeins fjallað um atriði sem viðkomu því hvernig ætti að hegða sér eftir að slys hefði skeð, meðhöndlun á slösuðum mönnum o.þ.h. Á slysavarnarnámsskeiðinu var notað sama prógramm og notað er á námsskeiðum fyrir meirapróf, en alls ekkert fjallað um þessi mál út frá vinnu og vinnustað hafnarverkamanna.

Mætingasókn á námsskeiðin varð að vera hundrað prósent ef þau áttu að gefa rétt til kauphækkunar, og tilkynning um byrjunardag var hengd upp á hádegi þess dags sem námsskeiðin áttu að byrja. Þar urðu menn því að ráðstafa hverju einasta kveldi næstu þrjár vikurnar, eða verða af 8% kauphækkun. Þetta og það hversu efni námsskeiðanna var úr tengslum við vinnu verkamannanna, svo að ekkert var á þeim að græða, leiddi til þess að þau voru afskaplega illa sótt.

Svikasamningarnir sem Dagsbrúnarforystan barði í gegn í des. s.l. og sá skrípaleikur sem þessi innihaldslausu námsskeið voru, hafa afhjúpað Dagsbrúnarforystuna ákaflega vel fyrir hafnarverkamönnum. Dagsbrúnarforystan getur reynt að setja á svið sjónleiki og þyrla upp moldviðri til að dylja hverjum hún raunverulega þjónar, en sá tími mun koma að hún þarf að standa skil á gerðum sínum fyrir reykvískum verkalýð.

-/JK

„Skásti kosturinn-lélegur kostur það"

Blaðamaður Stéttabaráttunnar átti nýlega tal við Ögmund Svavarsson verkamann í mjólkursamlaginu á Sauðárkróki.

Hvað finnst þér um ástand sósíalískrar hreyfingar á Íslandi núna?

Alþýðubandalagið er nú eins og flestir gera sér grein fyrir, sósíaldemókratískur flokkur. Hann er í sömu aðstöðu gagnvart samtökum eins og KSML eins og Alþýðuflokkurinn var áður gagnvart Kommúnistaflokk Íslands. Ég hef undanfarið kosið Alþýðubandalagið sem skásta kost okkar verkamanna, en þessi skásti kostur er lélegur kostur og ef svo heldur áfram með Alþýðubandalagið eins og undanfarin ár, sem það gerir örugglega, þá get ég ekki sætt mig við þennan kost.

Það er sýnilegt að ástandið er þannig núna að það verður að einbeita kröftunum í að byggja upp á nýjan leik kommúnistaflokk sem sé fær um að leiða stéttabaráttuna til sigurs fyrir okkur verkamenn. En ég er nú orðinn það gamall að ég treysti mér ekki út í slíkt starf. Það er ykkar unga fólksins, framtíðin er ykkar og þið hafið allt að vinna.

Hvernig er ástandið í verkalýðsmálum á Sauðárkróki?

Það er vægast sagt mjög bágborið. Verkamannafélagið er í höndum hægri krata, Jóns Karlssonar, sem rekur sömu pólitík í verkalýðsmálum og Jón Helgason á Akureyri og Eðvarð í Reykjavík. Hann er búinn að koma sér vel fyrir á skrifstofu og búinn að gera verkamannafélagið að hálfgerðu skrifstofufélagi. Þar að auki er þessi sami maður forseti bæjarstjórnar, umboðsmaður Brunabótafélagsins og margt fleira sem of langt yrði upp að telja. En þrátt fyrir alla þessa bitlinga þá hefur hann ekkert gert sem til hagsbóta getur talist fyrir verkamenn s.s. í bæjarstjórninni. Kannski er þetta ástand ekki neitt sértækt fyrir Sauðárkrók, svona er ástandið yfir allt landið.

Nú ættir þú að geta sagt okkur eitthvað af starfi gamla Kommúnistaflokksins á Sauðárkróki?

Ég var nú svo ungur á þeim árum, en ég var á þeim árum í því að selja KOTUNG hérna í bænum. KOTUNGUR var útgefinn af Sauðárkróksdeild K.F.Í. og kom út í ein fimm ár. Kotungur var fjölritaður hérna í bænum í fjölritara sem Sauðárkróksdeildin átti. Á þeim árum var rekin raunhæf byltingarpólitík og ég held að Kotungur hafi verið með betri blöðum sem Kommúnistaflokkurinn átti út um land. Pétur Laxdal var aðalforinginn og skrifaði mest í Kotung og var reyndar ábyrgðarmaður hans. En auk hans skrifuðu margir í blaðið s.s. Helgi Hálfdánarson og fl.

Mér er það sérstaklega minnisstætt þegar ég var að selja blaðið í húsum hérna í bænum, hve óblíðar viðtökur ég fékk í mörgum húsum.

Svo má líka segja frá því að Pétur Laxdal var fyrsti kommúnistinn sem kosinn var í sveitarstjórn utan Reykjavíkur, og segir það nokkuð um styrk K.F.Í. hérna á þessum árum.

Hvernig líst þér svo á framtíðina?

Ég get ekki sagt annað en ég sé bjartsýnn. Eftir að ég fór að fá Stéttabaráttuna lifnaði aftur yfir mér, þetta er gott blað og ég treysti ykkur til að framkvæma það sem þið stefnið að, að stofna kommúnistaflokk. Og ég get sagt þér það að lokum að áskrifendur Stéttabaráttunnar eru orðnir nokkrir hérna í samlaginu.

-/GM

Dagsbrúnarforystan berst gegn fjöldabaráttu verkalýðsins

16. mars s.l. var haldinn fundur í Verkamannafélaginu Dagsbrún og var tilgangur fundarins að skýra frá gangi samningaviðræðnanna og afla heimilda til verkfallsboðunar. Þessi fundur bar greinilega merki þess, hversu verkalýðsforystunni hefur tekist að þrengja að lýðræðinu innan verkalýðsfélaganna, í skjóli þess, hversu meðvitund verkalýðsins er á lágu stigi í dag, og jafnframt, að hún ætlar sér ekki að vekja verkalýðsfjöldann til nokkurrar baráttu. Þannig sagði formaður Dagsbrúnar, Eðvarð Sigurðsson, að það væri tómt mál að tala um það, að við fengjum kjaraskerðinguna bætta að fullu nú á næstunni, slíkt þjónaði reyndar engu góðu fyrir verkalýðinn, og það eina sem hægt væri að gera, væri að setjast við samningaborðið og halda makkinu áfram. Einnig sagði hann, að það væri út í hött á þessu stigi málsins að fara að berjast fyrir afnámi vísitölubindingu kaupgjalds. Um heimildina til verkfallsboðunar, sem samþykkt var á fundinum, sagði Eðvarð, að það væri ekki ætlun þeirra í verkalýðsforystunni að notfæra sér verkfallsréttinn nema sem algjört neyðarúrræði eins og hann orðaði það. Þetta er sem sagt það, sem formaður fjölmennasta verkalýðsfélags landsins boðar: áframhaldani kjaraskerðing, engin barátta af hálfu verkalýðsins, ekkert verkfall.

Nokkrir Dagsbrúnarmeðlimir í KSML voru mættir á fundinum og báru þeir fram eftirfarandi ályktun:

"Fundur, haldinn í Verkamannafélaginu Dagsbrún, 16.3. '75, ályktar, að efnahagsörðugleikar undanfarinna mánuða séu afleiðing taumlausrar gróðasóknar auðvaldsins og að efnahagskreppan, sem framundan er, sé afleiðing af arðránsskipulagi auðvaldsins. Hinar gífurlegu kjaraskerðingar, sem orðið hafa samfara síhækkandi vöruverði, verður að stöðva og til þess er aðeins ein leið fær - leið verkfallsbaráttunnar.

Fundurinn ályktar ennfremur, að forystumenn félagsins hafi svikið hagsmuni félagsmanna með því að láta undir höfuð leggjast að skipuleggja baráttuna gegn kjaraskerðingunum og með því að semja við atvinnurekendur án vitundar og stuðnings félagsmanna. Fundurinn lýsir því yfir, að umboð Dagsbrúnarforystunnar til aðildar í 9 manna nefnd ASÍ sé ólöglegt samkvæmt félagslögum, því það var samþykkt á félagsfundi þar sem einungis 80 félagsmenn voru nærstaddir, en samkvæmt lögum félagsins og yfirlýsingum formannsins þar að lútandi þarf 300 manna fund minnst til að samþykkja slíkt umboð.



Eðvarð Sigurðsson, form. Dagsbrúnar. Sjóndeildarhringur hans takmarkast við borðbrún fundarborðsins hjá sáttasemjara ríkisins.

Fundurinn lýsir því yfir vantrausti á forystu sína, en þetta vantraust byggir á þeirri staðreynd, að forystan hefur fullkomlega vanrækt að skipuleggja baráttu félagsmanna fyrir hagsmunum sínum, en þvert á móti lýst því yfir að taka verði mið af gróðahagsmunum atvinnuveganna, sem eru í einkaeign auðvaldsins. Fundurinn lýsir yfir, að baráttuna gegn kjaraskerðingum auðvaldsins beri að heyja undir vígorðunum:

- Engar uppsagnir eða kjaraskerðingar - Látum auðvaldið borga kreppuna!

- Sjálfstæða baráttuskipulagningu verkalýðsins á grundvelli lýðræðislegra kjörinna verkfallsnefnda á vinnustöðunum sjálfum!"

Á fundi, sem Dagsbrúnarforystan hélt í desember var töluverð andstaða gegn forystunni, sem þá hafði nauman meirihluta á bak við sig. Í þetta sinn hafði hún allan varan á, því að sögn eins félagsmanns, sem öllum hnútum er kunnugur innan Dagsbrúnar, hafði forystulið Dagsbrúnar augljóslega smalað á fundinn sér hagstæðum mönnum. Á hinn bóginn var hópurinn gegn Dagsbrúnarforystunni tiltölulega fámennur í þetta sinn. Afleiðingarnar urðu þær, að Dagsbrúnarforystan bar fram frávísunartillögur á ályktanir KSML-félaga og Fylkingarmanna, sem voru samþykktar með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þessi fundur ætti að kenna okkur, að við verðum að virkja mun betur og á víðtækari grundvelli en hingað til, andstöðuna innan verkalýðsfélaganna, því óánægjan með starfshætti verkalýðsforystunnar er miklu meiri en þessi fundur gefur til kynna. Við verðum að hvetja baráttufúsa verkamenn til að mæta á fundi verkalýðsfélaganna, hvetja þá, ekki aðeins til að skipuleggja sig sjálfstætt á vinnustöðunum, heldur líka að skipuleggja andstöðuna gegn ASÍ-broddunum innan fagfélaganna.

-/SJÓ

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

Baráttan á Írlandi er á tímamótum

Um og eftir miðjan mars s.l. var staddur hér á landi Thomas Mac Giolla, formaður írska lýðveldisflokksins, Sinn Fein, í því skyni að kynna íslendingum eðli og innihald þeirrar baráttu fyrir frelsi sem á sér stað á Írlandi. Thomas Mac Giolla hefur verið formaður Sinn Fein síðan 1962. Sá armur er hann er formaður fyrir hefur jafnan verið nefndur Official Sinn Fein, til aðgreiningar frá Provisional Sinn Fein, sem klauf sig frá flokknum árið 1970. Klofningurinn olli því að "Officials" hefur markað sér skýra sósíalíska stefnu. Eftirfarandi grein er byggð á málflutningi Thomas Mac Giolla á blaðamannafundi í Félagsheimili stúdenta, 17. mars s.l.



Ástandið á Írlandi er afleiðing breskrar hernaðarkúgunar á landinu

Allt frá árinu 1968 hafa íbúar N-Írlands búið við herlög, og almenn lýðréttindi hafa verið fótum troðin af bretum. Ástandið árið 1969 var bretum mjög óhagstætt, upp var komin mjög sterk hreyfing í landinu fyrir slitum við Bretland, og stéttarlegt eðli baráttunnar var mjög ljóst. Sinn Fein barðist fyrir því að sameina verkamenn og vinnandi alþýðu úr báðum trúhópum N-Írlands til baráttu fyrir frelsi undan oki heimsvaldastefnunnar, og til að binda endi á nýlenduítök breta á öllu írsku efnahagslífi. Þannig hefði pólitísk virkni alþýðu Írlands verið á mjög háu stigi 1969. En þá hefðu komið upp öfgahópar bæði kaþólikka og mótmælenda, sem með hryðjuverkum sínum hefðu unnið pólitísku baráttunni gífurlegt tjón. Að mati Sinn Fein eiga bretar sök á því að ástandið er eins og það er í dag. Upp hefur komist, að þrír ráðherrar í stjórn Írska lýðveldisins veittu með leynd 170.000 pund til öfgahópanna til vopnakaupa. Stjórn Írska lýðveldisins er ekkert annað en leppstjórn breta - sagði Thomas Mac Giolla - og það er greinilegt að bretar eiga stóran þátt í því að viðhalda vopnuðu baráttunni á Írlandi. Það væri ekkert annað en ein aðferð þeirra til að koma í veg fyrir pólitíska lausn á írska vandamálinu, því slík lausn innibæri ábyggilega að írar myndu krefjast sjálfstæðis jafnt pólitískt sem efnahagslega og því sparka bretum, jafnt hermönnum sem fjármálamönnum út úr landinu.

Fangelsanir, húsleitir, einangrun, pyntingar og misþyrmingar er hlutskipti þeirra sem lenda í klóm breta

Undanfarin ár hefur Sinn Fein einbeitt sér að því að vekja upp pólitíska stéttarvitund meðal verkalýðs úr báðum trúhópum, og þáttur í þeirri baráttu er að vekja upp sterka hreyfíngu til að mótmæla og berjast gegn fangelsunum og pyntingum breta á n-írskum verkamönnum. Í dag eru í fangelsum breta 600 fangar sem ekki hafa fengið réttarhöld, og auk þess 1000 fangar dæmdir eftir kæru. Thomas Mac Giolla sagði að breskir hermenn beittu grimmdarlegum aðferðum við yfirheyrslur, bæði líkamlegum pyntingum og sálrænum þvingunaraðgerðum. Hann sagði frá dæmum um hvernig framkallaður hefði verið geðklofi hjá fórnarlömbum sálrænna pyntinga breskra hermanna. Líkamlegar pyntingar felast einkum í barsmíðum og rafmagnspyntingum. Bretar hafa lært af stóra bróður - bandaríkjamönnum - hvernig hægt er að framkalla óbærilegar kvalir með því að tengja rafskaut við kynfæri, tungu og skynfæri fórnarlambsins. Bandaríkjamenn beittu þessari aðferð mjög í Víetnam og bretar hafa náð langt með beitingu hennar á Írlandi. Enn er ónefnt eitt atriði pyntinganna, en það sagði Mac Giolla vera aðbúnaðinn í fangelsum og fangabúðum breta. Hann tók sem dæmi fangabúðirnar í Long Kesh. Þar væri föngunum hrúgað mörgum saman inni í kalda og raka klefa. Matur væri lítill og lélegur, auk þess væri þar rottugangur og oft þakleki. Mac Giolla sagði að það væri krafa allra þeirra er settu manninn í fyrirrúm öðru, að þessum fangabúðum yrði lokað. Fangabúðirnar væru glæpur gegn öllu íbúum Írlands. Öllum áskorunum um að láta lausa pólitíska fanga og leggja niður þessar ómannúðlegu fangabúðir hefur breska stjórnin svarað með því að segja: "Þegar ofbeldi Provisional hættir verður fangelsunum hætt." Í dag er ríkjandi vopnahlé af hálfu Provisionals, en ennþá bólar ekki á því að fangelsunum linni eða að breskir hermenn hverfi aftur til bragga sinna. Því er mikil nauðsyn á að skapaður verði þrýstingur á bresk stjórnvöld að standa við sín heit varðandi vopnahléð. En það sem Sinn Fein hefur bent á er, að bretar óttast raunverulega að umleið og breskir hermenn verði kvaddir til herbúða sinna, að þá muni fólkið koma út á götuna til baráttu fyrir frelsi sínu undir forystu framfaraafla eins og Sinn Fein.

Hvernig er barist gegn framfaraöflum á Írlandi og Bretlandi?

Thomas Mac Giolla var að þessu spurður. Hann svaraði því til, að allar framfarahreyfingar sem styddu frelsisbaráttu írskrar alþýðu yrðu raunverulega að starfa neðanjarðar á þeim landssvæðum sem bretar ráða. Þannig hefur "Official" Sinn Fein, sem ekki ber nokkra ábyrgð á hryðjuverkum á N-Írlandi, verið undirseld mikilli pressu og ströngu eftirliti. Þetta hefur orðið til þess að á tímabilinu 1969-1974 missti flokkurinn að nokkru forystuna fyrir freslisbaráttunni. Allar tilraunir Sinn Fein til að stöðva vopnuðu baráttuna hafa strandað á andstöðu Provisionals og breta. Alþýðuhreyfing sú sem flokkurinn leiddi í baráttunni fyrir bættum lífskjörum hinna kúguðu stétta rann að mestu út í sandinn á árunum 1969-74 sökum ótta almennings við að taka þátt í mótmælaaðgerðum og pólitískri baráttu. Allar tilraunir Sinn Fein til að skoða vandamál Írlands pólitískt út frá stéttabaráttunni en ekki að skipta landsmönnum upp í stríðandi hópa mótmælenda og kaþólikka hafa mætt kúgunaraðgerðum breta eins og áður er sagt, auk þess sem öfgahópar hafa gert sitt til að ráðast gegn Sinn Fein. En með því vopnahléi sem nú er komið á er Sinn Fein á gífurlegri uppleið, og pólitísk virkni og meðvitund hinna kúguðu stétta eykst með degi hverjum. Sinn Fein hyggst bjóða fram til kosninga til ráðgjafarþings sem fara munu fram á næstu mánuðum, og Mac Giolla kvaðst þess fullviss að Sinn Fein myndi ná a.m.k. 4-5 fulltrúum inn á þetta þing.

Í Bretlandi á stuðningshreyfing Sinn Fein og önnur samtök sem styðja frelsisbaráttuna á Írlandi gífurlega erfitt uppdráttar. Einkum er stuðningsmenn að finna meðal írskra verkamanna á Bretlandi. Bretar hafa nýlega sett lög sem heimila tafarlausa brottvikningu úr landi sé einhver grunaður um stuðning við "öfgahópa." Þannig hefur tveimur af forystumönnum Clann NA Heireann (írskt nafn á stuðningshreyfingu Sinn Fein) verið vikið úr landi, en annar þeirra hefur verið búsettur á Bretlandi í 26 ár en hinn eitthvað skemur. Þannig svífast bresk stjórnvöld ekki við að brjóta öll mannréttindi í tilraunum sínum til að kúga frelsisunnandi alþýðu Írlands. Önnur samtök hafa verið leyst upp eða lömuð með því að fangelsa meðlimi og forystumenn undir því yfirvarpi "að ef til vill sé viðkomandi viðriðinn sprengju hér eða sprengju þar." En þrátt fyrir þessar kúgunaraðgerðir fullvissaði Mac Giolla okkur um að barátta írsku alþýðunnar yrði sigursæl, og á næstu árum yrði um að ræða mikla sókn framsækinna afla. Sinn Fein berst fyrir sósíalísku Írlandi, frjálsu Írlandi og sjálfstæðu Írlandi. Hann lauk blaðamannafundinum með því að skora á öll framsækin öfl að styðja baráttu írskrar alþýðu, mynda alþjóðlega samstöðu verkalýðs og kúgaðra með frelsisbaráttu íra.

-/OI

Bóndi-sósíalisminn á einnig erindi til þín

Auðvaldið og þeir flokkar sem treysta það í sessi hafa um langan aldur hamrað á því að verkalýður bæjanna og bændur sveitanna séu tvennt ólíkt.

Án klofnings íslenskrar alþýðu, til sjávar og sveita, gæti auðvaldið ekki haldið völdum sínum. Verkalýður bæjanna og bændur sveitanna eiga fulla samleið í baráttunni fyrir afnámi auðvaldsskipulagsins. Auðvitað eru til í sveitunum stórbændur sem lítið sem ekkert koma nálægt vinnu sjálfir en nota keyptan vinnukraft, en þeir eru fáir og eru hvað hagsmuni snertir andstæðir verkalýðsstéttinni.

Langstærsti hluti bænda eru þó þeir sem vinna alvega sjálfir við búin ásamt fjölskyldum sínum. Kjör þeirra eru erfið, vinnutíminn er mest öll æfin að heita má, nema stuttur svefn, og launin eru mjög rýr.

Þessir einyrkjar hafa sömu hagsmuni og verkalýðsstéttin. Þeir eiga í harðri baráttu við bankavaldið sem okrar á þeim, og dugnaður þeirra og atorka sem þeir færa jörð sinni ber enganveginn tilætlaðan árangur.

Og í auðvaldskreppunum, þegar ullin, gærurnar og kjötið fellur um helming að verðgildi, þá sjá flestir þeirra hvernig stormbyljir auðvaldsskipulagsins og gróðabrall auðdrottnanna drepur niður framtíðarvonir þeirra og sviptir þá arði starfsins. Þá sjá þeir að þeir eru ekkert annað en þrælar auðvaldsskipulagsins og bundnir því ósýnilegum fjötrum.

Auðvaldsskipulagið er meginþorra íslenskra bænda fjandsamlegt og þess vegna skipa bændurnir sér að lokum við hlið verkalýðsins í baráttunni við auðvaldið.

Takmark kotbænda er að fá nóg landrými og vélar til að vinna það og nýta. Takmark íslenskrar sveitaalþýðu er að geta með fullkomnum vélum hagnýtt sér hið mikla óunna landflæmi Íslands sem nú bíður mannshandarinnar og vélplógsins. Takmarkið er að losna við skuldirnar í bönkunum og geta sjálfir drottnað yfir jörðinni óháðir auðvaldinu og notið arðs vinnu sinnar án þess að þurfa í sífellu að vera á hnjánum grátbiðjandi auðdrottnana um lán.

Þessu takmarki nær alþýðan aðeins með því að sameinast - verkalýður og bændur hlið við hlið - gegn ógnarvaldi auðdrottnanna.

Kommúnistasamtökin marxistar-lenínistar hafa sett sér það takmark að byggja upp kommúnistaflokk á ný í landinu og miða allt starf sitt í rauninni við það.

Án slíkrar forystusveitar, sem kommúnistaflokkur er, verður allt tal um sósíalisma ómerkt bull og án kommúnistaflokks hér á landi verður aldrei um sósíalisma að ræða á Íslandi.

Verkalýðsstéttin er sú stétt sem hvað skýrast og harkalegast verður fyrir barðinu á auðvaldsskipulaginu, en bændur verða það líka þó það sé ekki eins opinskátt.

Sósíalisminn einn tryggir hagsmuni verkamanna og bænda, því þá eru það hagsmunir vinnandi alþýðu sem sitja í fyrirrúmi en ekki auðdrottnanna.

Verkamenn og bændur, sameinumst undir merkjum Kommúnistasamtakanna og vinnum að uppbyggingu kommúnistaflokks á Íslandi. Stefnum markvisst að því að brjóta niður ríkisvald auðdrottnanna og byggja upp ríkisvald verkamanna og bænda. Verkamaður, sósíalisminn á erindi til þín. Bóndi, sósíalisminn á einnig erindi til þín.

-/GM

Union..

Frh. af bls. 3

bændur. Fyrir þeim vakir að tryggja hagsmuni íslenskra kapitalista, en þeir gefa fjandann í hagsmuni verkamanna og bænda og láta sig engu skipta glæpaverk Union Carbide í Chile og Víetnam. Samstaðan með verkalýð og alþýðu heimsins tilheyrir í þeirra augum skrautgreinum á fréttasíðum Þjóðviljans, en í framkvæmd eru það hagsmunir herra þeirra, íslenska auðvaldsins, sem ráða ferðinni í einu og öllu.

Þó kastar tólfunum, þegar forvígismenn hins borgaralega verkalýðsflokks, AB, berjast opinberlega gegn Samstarfsnefndinni gegn Union Carbide. Eðvarð Sigurðsson og Jón Snorri Þorleifsson hafa neitað að styðja baráttuna gegn Union Carbide, sem opinberir fulltrúar Dagsbrúnar og Trésmíðafélags Reykjavíkur.

Baráttan gegn Union Carbide málmblendiverksmiðjunni í Hvalfirði verður líka að vera háð gegn þeim aðilum á Íslandi sem vinna að uppbyggingu verksmiðjunnar.

Félagar. Sameinumst í baráttu gegn Union Carbide!

Gegn heimsvaldastefnunni og hergagnaframleiðslu Union Carbide!

Gegn gerræðislegum vinnubrögðum við framkvæmd áætlananna - Gegn skerðingu á hagsmunum verkamanna og bænda!"



ALBANÍA - ALRÆÐI ÖREIGANNA Í 30 ÁR

7. grein

"Verkalýðsstéttin getur ekki risið upp og fylkt sér í fremstu víglínu byltingarbaráttunnar, nema háð sé óvægin barátta innan raða umbóðasinnuðu verkalýðsfélaganna gegn stefnu og viðhorfum borgaralegra foringja, til þess að afhjúpa þá og einangra frá verkalýðsfjöldanum."

Enver Hoxha

Barátta gegn endurbótastefnu í verkalýðsfélögunum - mikilvægt verkefni fyrir verkalýðsstéttina

Albönsku félagarnir álíta, að afhjúpun og einangrun umbótasinnuðu fagfélagsbroddana sé eitt af grundvallarskilyrðum fyrir sigri verkalýðsins í auðvaldslöndunum. Trúir marxismanum-lenínismanum hafna þeir öllum kenningum, sem bera með sér, að verkalýðurinn eigi að yfirgefa verkalýðsfélögin eða víkja þeim úr vegi sínum. Mat þeirra á villtu verkföllunum er ekki, að verkalýðsfélögin séu endanlega töpuð verkalýðnum, heldur sé hér um að ræða hreyfingu sem byggir á sjálfstæðri skipulagningu og miðar að því að vinna verkalýðsfélögin aftur úr höndum borgaralegu forystunnar. Íslensku kommúnistarnir ættu að skipa sér í forystu þessarar hreyfingar og vinna hana og þar með verkalýðsfélögin fyrir málstað kommúnismans.

Hinar stöðugu kreppur sem skekja kapítalismann og koma skýrast fram í orkukreppunni og aukinni auðvaldskúgun og arðráni, vegna tilrauna einokunarauðvaldsins til að bægja kreppunni frá á kostnað hins vinnandi fjölda, hafa skapað hagstæð skilyrði fyrir verkalýðsstéttina. Stéttaátökin milli borgara og öreiga hafa harðnað mjög. Verkalýðsstéttin, sem svikin hefur verið af umbótasinnuðum og endurskoðunarsinnuðum foringjum sínum innan verkalýðsfélaganna, hefur skilið, að í herskáum atlögum að valdi borgaranna, verður hún að standa sjálfstæð og heyja baráttuna undir forystu eigin byltingarforingja, einbeittra manna, sem eru trúir málstað verkalýðsstéttarinnar. Verkfallshreyfing verkalýðsins hefur einkennst af "villtum" verkföllum, þ.e. verkföllum sem hvorki eru viðurkennd af ríkisstjórninni né forystu umbótasinnuðu og endurskoðunarsinnuðu verkalýðsfélaganna. Sem dæmi má nefna verkfall rúmlega 500.000 v-þýskra flutninga- og samgönguverkamanna. Mörg verkföll verkamanna í hinum ýmsu greinum ítalska iðnaðarins voru sömuleiðis árangur sjálfstæðra aðgerða verkafólksins, sem ekki fengu viðurkenningu verkalýðsfélagaforystunnar. Þannig var því einnig farið um verkföll bresku námaverkamannanna, sem höfnuðu yfirboðun broddanna í bresku fagfélögunum, sem og verkföll spænskra, japanskra og annarra verkamanna.

Þessar staðreyndir vitna um algerlega nýtt ástand í alþjóðlegri hreyfingu verkalýðsstéttarinnar og sýna, að verkalýðurinn nær meiri áhrifum í herskáum aðgerðum sínum. Þetta hefur valdið borgurunum miklum ugg, en einmitt þess vegna hafa þeir lagt sig alla fram við að villa um fyrir verkalýðsstéttinni hugmyndafræðilega, til þess að leiða hana afvega frá brautum baráttu og byltingar. Og borgarastéttin bindur allar vonir sínar við "verkalýðsaðalinn", svikarana við öreigalýðinn, í þessari hugmyndafræðilegu herferð sinni. Sósíaldemókratarnir og endurskoðunarsinnarnir gegna í dag sérstöku grundvallarhlutverki með athöfnum sínum innan fagfélaga verkalýðsins, sem miða að því að kæfa baráttuanda hans og vekja trú hans á endurbótum á kerfinu, og gera þannig verkalýðshreyfinguna skaðlausa borgarastéttinni. Þeir reyna að brjóta niður herskáa einurð öreiganna, koma í veg fyrir skipulag þeirra og leggja hömlur á framvindu baráttu þeirra - allt í beinni samvinnu við einokunarauðvaldið. Innan verkalýðshreyfingarinnar verða fagfélagabroddarnir aðalformælendur hins borgaralega slagorðs, sem segir verkalýð og atvinnurekendur hafa jafna hagsmuni af framleiðslunni, og að verkfallshreyfingin sé bæði verkalýð og atvinnurekendum til skaða. Þessi grófa rangfærsla er eitt aðalslagorðið í þeim pólitíska og hugmyndafræðilega rangsnúningi, sem ýmsir endurskoðunarsinnar og umbótasinnar hafa skapað í herbúðum verkalýðsstéttarinnar. Einn ítölsku fagfélagsbroddanna, Scaglia, lýsti því meira að segja yfir, að "markmið fagfélaganna verði að vera sköpun náinnar samvinnu milli hinna þriggja afla: stjórnmálamanna, atvinnurekenda og fagfélaga." Það er skiljanlegt, að slíkir menn í forystu fagfélaganna valdi stórkostlegum skaða fyrir verkalýðsstéttina. Þess vegna er baráttan gegn umbótasinnaðri stefnu í fagfélögunum frumverkefni verkalýðsstéttarinnar, sem eitt af þeim óhjákvæmilegu skilyrðum, sem undirbúa öreigana undir sigur.

Raunveruleikinn sannfærir verkalýðsstétt auðvaldslandanna stöðugt betur um þessi sannindi; hið sama gerir reynslan af daglegri baráttu hennar við auðvaldið. Í þessari baráttu kemst hún í andstöðu við umbótasinnuðu fagfélagabroddana og fær þannig skilning á réttmæti þeirrar stefnu, sem marxisminn-lenínisminn setur fram.

Félagi Enver Hoxha sagði á 6. þingi Flokks vinnunnar í Albaníu:

"Byltingin er eina leiðin til að breyta veröldinni, eina leiðin til að öðlast frelsi undan oki þjóðlegrar og stéttarlegrar kúgunar."

FRAMH. AF FORSÍÐU.

K.Á. smiðjurnar á Selfossi

Þannig vita fyrirmennirnir í SÍS ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga. Eita þeir að standa með kaupfélagsstjóranum í samdráttar- eða "hagræðingar"aðgerðum hans, sem til þess eru ætlaðar að vernda gróðann, eða eiga þeir að bjarga samvinnugoðsögninni og pólitískum orðstír Framsóknarflokksins. Einmitt þessi tvístígandaháttur kemur berlega fram í málgagni þeirra Tímanum, sem annað hvort þegir þunnu hljóði eða veltir báðum vöngum til jafns eins og velþenkjandi kýr í kálgarði.

Það eru miklar líkur fyrir því að goðsögnin og stjórnmálaorðstírinn verði ofaná.

Verkstæðismenn sjálfir hafa ekki séð í gegnum samvinnuauðvaldið og eru margir hverjir félagsmenn í KÁ. Af fréttatilkynningum og ýmsu öðru sem frá þeim hefur borist má marka, að allavegana margir þeirra ala þá von í brjósti, að samvinnufélögin og þar með KÁ hafi einhverra annarra hagsmuna að gæta en gróðans.

Þessar vonir eða tálvonir eru ekkert einsdæmi fyrir verkstæðismenn eða starfsmenn KÁ. Þær eiga sér rætur í mörgum, þykkum lögum verkalýðsstéttarinnar. Einmitt þess vegna verður að leggja áherslu á auðvaldseðli samvinnufélagsskaparins, sem í engu er "skárri" en t.d. hreinræktaðir gróðagarpar í heildsalastétt.

En láti Sambandið sér annara um "siðferðileg" áhrif sín, þá er örvænt um stöðu kaupfélagsstjórans á Selfossi.

Samstaðan að baki

Í upphafi vakti verkfallið ekki mikla athygli, ekki fyrir utan Selfoss. Það hefur lengi verið raunin að slíkar vinnustöðvanir hafa blossað upp en dáið jafnskjótt, bæði vegna innri óeiningar og ekki síst vegna þess, að skæruverkfallsmenn hafa oftast orðið að berjast á tvær hendur. Slík dæmi þekkjum við t.d. úr Reykjavík og víðar, þar sem atvinnurekendunum hefur oftar en ekki borist "óvæntur" (. ?) stuðningur frá skriffinnunum í viðkomandi verkalýðsfélagi.

Um ekkert slíkt var að ræða í þessu máli. Verkamennirnir nutu strax í upphafi stuðnings forystu verkalýðsfélaganna á Selfossi.

Á sama tíma hófst sterk samúðaralda með þeim meðal allrar alþýðu. Ýmis félög og einstaklingar hafa látið fé af hendi rakna til stuðnings verkfallsmönnum. Hér yrði það of langur listi, ef ætti að telja þá upp. Einnig hafa verkstæðismenn notið beins stuðnings frá starfsbræðrum sínum á öðrum verkstæðum Sambandsins, sem hafa neitað og afgreiða varahluti til KÁ og neitað að vinna við viðgerðir á bílum þess.

Orsakir þessarar samúðaröldu eru vafalaust þær, að verkfallið hefur endurvakið trú verkalýðsins á sjálfan sig. Það hefur endurskapað trú, sem hefur farið þverrandi síðustu áratuginga vegna skrifræðislegra vinnubragða verkalýðsforystunnar svokölluðu. Það hefur sýnt og sannað að til eru verkamenn, sem ekki gefast upp þegar að þeim er sótt og standa fast á rétti sínum, þegar að honum er vegið.

Kommúnistasamtökin m-l gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að efla samstöðuna að baki verkfallsmönnum. Hug sinn til þeirra hafa þau þegar sýnt, er miðstjórn KSML ákvað, strax og sýnt þótti að verkfallið myndi verða langvinnt, að veita þeim 10.000 kr. úr rýrum sjóðum sínum.

En fjárframlög eru ekki höfuðatriðið, þótt mikilvæg séu. Það er samstaða og víðtækur baráttustuðningur allrar verkalýðsstéttarinnar og vinnandi alþýðu, sem vegur mest á metunum. Því leggja KSML áherslu á, að stuðningur við verkfallsmenn fari ekki eftir flokkspólitískum metingi, heldur samkvæmt því kjörorði að sameina alla sem hægt er að sameina í stuðningsaðgerðunum.

Þegar þetta er skrifað, eru fjórar mismunandi fjársafnanir í gangi í Reykjavík á vegum fjögurra mismunandi samtaka (verkalýðsforystunnar, Rauðrar verkalýðseiningar, EIKm-l og "KSMLb"). Okkur finnst alls ekki hæfa að sundra stuðningshreyfingunni enn meir með því að efna til fimmtu söfnunarinnar. Það yrði baráttu verkstæðismanna á Selfossi fremur í óhag en hitt. Markmið KSML hlýtur því að vera að leita eftir samkomulagi við alla þá aðila sem sýnt hafa samstöðu með verkfallsmönnum.

Sundrung í liði andstæðinganna

Á sama tíma og fjöldahreyfing er að vaxa að baki verkfallsmönnum, fækkar þeim sem mæla KÁ bót. Öllum spjótum er beint að kaupfélagsstjóranum og þeim fáu stórbændum, sem standa að baki honum í kaupfélagsstjórninni. Jafnvel forystumenn Sambandsins í Reykjavík eru orðnir uggandi og leggja að Oddi að gefa eftir og láta málin "sjatla niður." Þannig reyna þeira að grípa í hvert það hálmstrá sem eftir er og bjarga andliti SÍS.

Fyrir þá er þetta ekki aðeins spurningin um að halda í goðsögnina um samvinnufélögin, heldur blandast málið að miklu leyti flokkspólitískum hagsmunum Framsóknarflokksins. Allir þekkja hið "ástkæra samband" á milli Sambandsins og framsóknarmaddömunnar. Í máli verkstæðismannanna koma þessi tengsl skýrt í ljós, hvað varðar formann kaupfélagsstjórnar KÁ, sem jafnframt er þingmaður Framsóknarflokksins.

Verkfallið er pólitískt

Það verður að taka það skýrt fram, að þegar hér er rætt um að verkfallið sé pólitískt að inntaki, þá er ekki átt við flokkapólitík Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins eða nokkurra annarra pólitískra samtaka. Verkfall verkstæðismannanna er pólitískt, hvað varðar hagsmuni allrar verkalýðsstéttarinnar.

Ýmsir aðilar, svo sem Þjóðviljinn og nokkur smásamtök hafa reynt að hagnýta sér verkfallið til þess að auglýsa sig upp. Og páfarnir í ýmsum verkalýðsfélögum hafa séð þarna kjörið tækifæri til að slá ryki í augu verkamanna. Þeir hafa reynt að sýna fram á, að þeir væru ákafir stuðningsmenn verkfallsmanna á Selfossi, þótt þeir berðust gegn verkfallsmönnum í eigin félögum.

Það er rétt að benda á og afhjúpa allan slíkan tvískinnungshátt. Það er jafn rétt og að bjóða þessum mönnum samvinnu, því einungis á þann hátt er unnt að skapa trausta og víðtæka samstöðu. Alla slíka samstöðu verður að byggja á skilyrðislausum stuðningi við verkstæðismenn án nokkurs tillits til flokkspólitískra eða annarra eiginhagsmuna. Hér er um að ræða mál sem varðar alla verkalýðsstéttina og samkvæmt því verður að starfa.

Pólitískt innihald verkfallsins felst einmitt í eftirfarandi atriðum:

- Er rétt að þola möglunarlaust þær uppsagnir, sem auðvaldið grípur til á krepputímum? Er það verkalýðurinn sem á að greiða með atvinnu sinni kostnaðinn af stjórnleysi auðvaldsframleiðslunnar?
- Á að láta það líðast að mönnum sé sagt upp vegna þess að starfsþrekið er ekki eins og það var um tvítugt? Ekki eru það góðar horfur, að sjá fram á atvinnuleysi, þegar árin færast yfir, og vegna þess að þau færast yfir.
- Er rétt að hugsa aðeins um gróða fyrirtækisins eða "hag atvinnuveganna" þegar auðvaldið grípur til stórfelldra lífskjaraárása? Eigum við að þakka "láglaunamönnunum" í 9 manna nefndinni eða stjórn KÁ fyrir að bera þungar áhyggjur í brjósti út af þessu?
- Getur verkalýðurinn vænst einhvers betra, ef hann starfar hjá samvinnufyrirtæki heldur en "hreinræktuðu" auðvaldsfyrirtæki? Á hann að þola kjaraskerðingar og láta troða á rétti sínum möglunarlaust, aðeins vegna þess að samvinnufyrirtæki á í hlut?

Hver einasti verkamaður, sem einhverja lærdóma hefur dregið af undanförnum atburðum á Selfossi, veit að svo er ekki. Það umrót, sem þeir hafa valdið, bendir og á, að þessi er sú niðurstaða, sem dregin hefur verið og verður dregin af meginþorra íslenskrar alþýðu.

18/4 -/óhs

„Rauð verkalýðseining" er sundrungarafl

Allt síðan 1. maí 1973 hefur Fylkingin haft á sínum snærum félagsskap sem gengur undir nafninu "Rauð verkalýðseining". Í raun réttri er hér aðeins um að ræða dulargervi, því innan þessa félags eru eingöngu meðlimir Fylkingarinnar eða menn handgengnir henni. Þetta fordyri Fylkingarinnar er þó ekki annað en nafnið tómt, því að starf þessa félags hefur ekki falist í öðru en máttvana yfirlýsingum og sameiningu ýmissa hópa fyrir 1. maí á ári hverju. Að venju boðaði Fylkingin til samningaviðræðna um aðgerðir 1. maí, undir nafni "Rauðrar verkalýðseiningar" í ár og beitti henni í tilraunum sínum til að koma ár trotskismans betur fyrir borð en áður.

"Grundvöllur" Rauðrar verkalýðseiningar

Fulltrúar KSML, Verðandi, SÍNE, Stúdentaráðs, Rauðsokka, Sósíalistafélags Reykjavíkur og Eik(m-l) mættu til viðræðna við fulltrúa Fylkingarinnar sem ýmist komu fram í hennar nafni eða Rauðrar verkalýðseiningar. Skyldi ræða um grundvöll RVEI, sem áðurnefndum samtökum hafði borist áður. Þegar frá upphafi gagnrýndi fulltrúi KSML þennan "grundvöll" bæði hvað varðaði skipulagsatriði og pólitík. Í skipulagi RVEI var gert ráð fyrir að nánast hver sem vera skyldi mætti hafa þau vígorð á lofti í göngunni, sem honum þóknaðist, ef hann merkti vígorðið eða afmarkaði það á einhvern hátt. Ennfremur átti 1. maí gangan að vera í nafni RVEI. Fulltrúi KSML sýndi fram á, að ef raunin yrði þessi, myndi gangan vera í innbyrðis mótsögn, hvert vígorðið öðru andstætt og hin svokallaða eining fælist einvörðungu í því, að andstaðan til vinstri við AB sameinaðist um að auglýsa sundrungu sína á 1. maí. Ennfremur gat KSML ekki samþykkt að ganga í nafni eins aðilans. Fulltrúi KSML benti einnig á, að pólitíkin í "grundvelli" RVEI væri einvörðungu kjaravígorð og gagnrýndi harðlega, að baráttunni fyrir pólitískri skipulagningu íslenska verkalýðsins í kommúnistaflokk væri varpað fyrir róða.


Á síðari fundinum kom í ljós, að Fylkingin ætlaði sér að setja fram trotskísk vígorð, sem í eðli sínu eru fjandsamleg verkalýðsstéttinni.

Meðal þeirra voru þessi: Sósíalismi eða barbarismi; Sósíalískt Víetnam; Sósíalískt Írland; Alþjóðleg skipulagning; Verkalýðseftirlit með framleiðslunni, o.s.frv. Í viðræðunum kom fram, að öll samtökin nema Fylkingin höfnuðu þessum vígorðum fullkomlega, þar sem krafan um alþjóðlega skipulagningu fól ekkert annað í sér en biðlun til hins alræmda glæpasambands trotskista - 4. Internationalsins. Einnig voru vígorðið "Sósíalískt Víetnam og Írland" í andstöðu við andheimsvaldasinnaða baráttu þessara þjóða og vígorð sem hafa verið bannfærð í röðum Þjóðfrelsisfylkingarinnar og IRA. Verkalýðseftirlit með framleiðslunni felur raunverulega ekkert annað í sér, en hið alkunna kratavígorð um "atvinnulýðræði" og voru allir sammála um að hafna því. Féllust Verðandi, Eik(m-l), Rauðsokkar og KSML á að halda viðræðunum áfram á grundvelli Rauðs framvarðar, þar sem byggt var á marxismanum-lenínismanum og lögð höfuðáhersla á þrjá meginþætti.

Rauður framvörður - ganga framsækinna afla á 1. maí

Þessir þrír meginþættir eru: 1. Gegn arðráni og verðbólgu - látum auðvaldið borga! 2. Stétt gegn stétt! 3. Gegn stríðsfyrirætlunum risaveldanna tveggja - USA og Sovétríkjanna!

Fundur þeirra samtaka sem hafnað höfðu trotskisma Fylkingarinnar, náði samstöðu um mörg grundvallaratriði, en þó hafði ekki náðst samstaða um afstöðuna til sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna, vígorðsins "Stétt gegn stétt!" og vígorðsins "Lifi marxisminn-lenínisminn hugsun Maós Tse-tungs!" Hins vegar varð samstaða um að hafa sérstaka deild í göngunni, sem helguð yrði baráttumálum kvenna og skyldi hún byggja á vígorðinu "Leggjum hagsmuni verkakvenna til grundvallar í baráttunni fyrir frelsi konunnar". Var ákveðið að aðilar ræddu málin hver fyrir sig og kæmu síðan aftur



Þessi moldvarpa prýðir forsíðu 4. tbl. Neista í ár. Fylkingin hefur kosið moldvörpuna, sem táknmynd sína - og við neyðumst til að viðurkenna það, að þótt Fylkingin hafi yfirleitt alltaf rangt fyrir sér - þá hefur hún hér loksins hitt naglann á höfuðið.

saman til viðræðna. En þessi ákvörðun kom aldrei til framkvæmdar.

Trotskisminn er klofningsafl

Þegar Fylkingunni var ljóst, að trotskisma hennar hafði algerlega verið hafnað, hóf hún baktjaldamakk og lygaherferð til þess eins að kljúfa þá samstöðu, sem var að myndast um grundvöll Rauðs framvarðar. Á félagsfundi Verðandi þann 16. apríl lagði hún fram falsplagg, sem gaf í skyn, að Fylkingin væri reiðubúin til að bakka með afstöðu sína og falla frá kröfu sinni um nafn göngunnar og skipulag, ásamt trotskískri afstöðu sinni. Þetta leiddi til þess, að um 20 manna fundur Verðandi (þar af voru 10 meðlimir Fylkingarinnar!) tók þá ákvörðun að reyna að nýju að sameina KSML og Fylkinguna fyrir 1. maí. Braut Verðandi nú gegn samþykkt sinni sem gefin hafði verið í umræðunum um Rauðan framvörð og kallaði saman til sérstakra viðræðna SR, Rauðsokka, SÍNE og Stúdentaráðs auk þess sem Fylkingin var höfð með í ráðum. Þessir hópar suðu síðan saman "nýjan grundvöll" upp úr grundvelli Rauðs framvarðar og "grundvelli" RVEI.

Síðan kölluðu þeir til fundar þ. 19. apríl og lögðu "samsuðuna" fram til umræðna. Kom þá í ljós, að "samsuðan" hafði látið öll ágreiningsatriði niður falla og ætlaði að reyna að sameina alla aðila um þau mál, sem Verðandi taldi næst eigin afstöðu. Í "samsuðunni" var hvergi minnst á Sovétríkin, fræðikenningu marxismans-lenínismans var sleppt og vígorðinu "Stétt gegn stétt!" sömuleiðis! Á fundinum 19. apríl sór Fylkingin að hún vildi helst af öllu að til samstöðu kæmi, en KSML bentu hins vegar á, að klofningsstarfsemi trotskistanna hefði þegar eyðilagt alla möguleika á samstöðu, þar sem þeir hefðu þegar ráðist á KSML í dreifiriti 17. apríl og logið því upp að aðrir aðilar væru sammála um að ganga í nafni RVEI. Tilraun Verðandi til að grípa leiðsögnina á 1. maí var frá upphafi andvana fædd, með henni hafði Verðandi einungis fengið því áorkað, að samstaða um grundvöll Rauðs framvarðar var rofin og eyðilögð.

Starfsaðferðir Fylkingarinnar - lygar og falsanir

Sú afstaða sem fulltrúar KSML höfðu sett fram á fundinum 19. apríl, að Fylkingin væri klofnings- og gagnbyltingarafl, sem ekki væri unnt að starfa með, sannaðist rækilega þegar apríl-tölublað Neista, málgagns Fylkingarinnar kom út. Þetta tbl. er sett í prentun 15. apríl, þ.e. áður en fundir Verðandi voru haldnir. Á forsíðu Neista er boðað til göngu á 1. maí, undir fölsku flaggi RVEI og því logið upp, að SR, Verðandi, SÍNE, Stúdentaráð, vélskólanemar o.fl. hafi ákveðið að ganga með Fylkingunni á 1. maí.

Þessar falsanir verða enn ógeðslegri í ljósi þess, að Fylkingarfulltrúarnir fullyrtu á fundinum þ. 19. apríl, að þeir væru reiðubúnir til viðræðna um samstöðu á 1. maí og vildu vinna með öllum aðilum en falla frá nafninu RVEI og trotskískum vígorðum sínum. Í rauninni ætlaði Fylkingin sér aldrei að falla frá einu eða neinu, sem sannast af því, að hún var þegar búin að auglýsa göngu RVEI!

Starfsaðferðir Fylkingarinnar sverja sig í ættir við þann moldvörpufélagsskap, sem alþjóðasamband trotskista er. Enda ekki að tilefnislausu, sem trotskistar um allan heim hafa valið sér moldvörpuna sem tákn sitt. En þrátt fyrir að trotskistunum í Fylkingunni hafi tekist að eyðileggja alla samstöðu á 1. maí, munu KSML fylkja öllum framfarasinnuðum öflum undir fána marxismans-lenínismans á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsstéttarinnar. Það er aðeins eftir að sjá, hvort róttækir stúdentar, SR, Eik(m-l) og Rauðsokkar velja heldur að ganga með trotskistum eða kommúnistum. Við hvetjum þessa aðila til að hafna trotskismanum algerlega, afneita öllum stuðningi á 1. maí við þau öfl, sem vinna gegn þjóðfrelsisstríði víetnama og íra, skipulagningu íslenska verkalýðsins í kommúnískan flokk og baráttu allrar alþýðu gegn stríðsfyrirætlunum risaveldanna.

Verkamenn og vinnandi alþýða! Látið lygar og falsanir trotskistanna í Fylkingunni ekki blekkja ykkur, ganga Rauðrar verkalýðseiningar er ekkert annað en ganga þeirra afla, sem vinna að sundrungu verkalýðsins, borgarastéttinni í hag.

Gangið undir rauðum fánum verkalýðsbyltingarinnar - gangið með Rauðum framverði á 1. maí 1975!

-/KG

Guðmundur J. Guðmundss
Nóatúni 26
R.

Reitur til áskriftarmerkingar.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST! LIFI MARXISMINN LENINISMINN HUGSUN MAOS TSE TUNGS


Stéttabaráttan

Félagar áskrifendur!

Nú hefur STÉTTABARÁTTAN fengið póstgíróreikning, nr. 27810. Það auðveldar ykkur að greiða áskriftirnar- nú getið þið gengið bæði í banka og pósthús og greitt þar.

Áskriftargjöld eru sem hér segir:
Venjuleg áskrift : 600 kr.
Stuðningsáskrift : 800 -
Baráttuáskrift : 1000 -

HVAR ENDAR ÞETTA?



Jú - með 100% aukningu áskrifenda. Á tímabilinu frá 10. mars fram til 19. apríl fjölgaði áskrifendum um 8,1%, og er það 0,2% betra en á tímabilinu þar á undan. Fjölgunin er því núna 23,7%. En það verður að vera öllum ljóst, að við erum á eftir áætlun, því samkvæmt áætluninni ættum við að vera komin með 31% aukningu nú - það vantar sem sagt 7,3% uppá. En það eru ekki öll kurl komin til grafar enn - þegar blaðið fór í prentun vissum við um margar nýjar áskriftir sem voru á leiðinni, en hafa ekki áhrif á þessa frábæru útreikningar, sem reiknisnillingar Stéttabaráttunnar hafa afkastað.

GERIST ÁSKRIFENDUR!